

Borgir v/Norðurslóð, 600 Akureyri,

Sími 460-8900, Fax 460-8919

Netfang: rha@unak.is

Veffang: <http://www.rha.is>



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

**SKÓLAMÁL Í AÐALDÆLAHREPPI,
SKÚTUSTAÐAHREPPI OG ÞINGEYJARSVEIT**

Athugun á málefnum grunnskóla

Júlí 2007

Hjalti Jóhannesson

Trausti Þorsteinsson

**Skýrsla unnin fyrir samstarfsnefnd um sameiningu
Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar**

EFNISYFIRLIT

1	HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	1
2	INNGANGUR.....	3
3	GÖGN OG AÐFERÐIR.....	4
4	SAMEINING SVEITARFÉLAGA OG FRÆÐSLUMÁL.....	5
5	SAMFÉLAGSPRÓUN Á SVÆÐINU.....	8
5.1	ÍBÚAFJÖLDI.....	9
6	ÞRÓUN OG STAÐA SKÓLAMÁLA Á SVÆÐINU.....	12
6.1	YFIRSTJÓRN SKÓLAMÁLA.....	12
6.2	SKÓLARNIR, AÐSTAÐAN OG ÞJÓNUSTAN.....	12
6.3	NEMENDUR OG KENningar.....	15
6.4	SKÓLAAKSTUR.....	19
7	VIÐHORF Í SAMFÉLAGINU.....	27
8	REKSTUR FRÆÐSLUMÁLA HJÁ SVEITARFÉLÖGUNUM.....	29
8.1	FJÁRMÖGNUN SKÓLA.....	29
8.2	SAMANBURÐUR Á KOSTNAÐI VIÐ REKSTUR GRUNNSKÓLANNA.....	30
8.3	LEIKSKÓLAR OG TÓNLISTARSKÓLAR.....	33
9	VALKOSTIR UM BREYTT FYRIRKOMULAG SKÓLAMÁLA.....	35
9.1	VALKOSTUR 1: ÓBREYTT SKIPAN SKÓLAMÁLA Á SVÆÐINU.....	37
9.2	VALKOSTUR 2: SAMEINING SKÓLAHALDS HAFRALÆKJARSKÓLA OG LITLULAUGASKÓLA Á HAFRALÆK EN SKÓLAHALD Í STÓRUTJARNASKÓLA OG GRUNNSKÓLANS Í SKÚTUSTAÐAHREPPI ÓBREYTT.....	39
9.3	VALKOSTUR 3: SKÓLAHALD ALLRA SKÓLANNA SAMEINAD Í EINA SKÓLASTOFNUN Á LAUGUM, SKÓLASEL REKIÐ FYRIR BÖRN Á YNGSTA STIGI OG MIÐSTIGI Í REYKJAHLÍÐ.....	41
	HEIMILDIR.....	44

MYNDIR OG TÖFLUR

	Bl.
Mynd 1. Sveitarfélagaskipan á svæðinu.....	8
Mynd 2. Íbúápróun á athugunarsvæðinu 1997-2006.....	9
Mynd 3. Skipting mannfjöldans á athugunarsvæðinu eftir kyni og aldri árið 1997.....	10
Mynd 4. Skipting mannfjöldans á athugunarsvæðinu eftir kyni og aldri árið 2006.....	10
Mynd 5. Búferlaflutningar 1997-2006, aðfluttir umfram brottflutta per 100 íbúa (%).	11
Mynd 6. Fjöldi nemenda í skólum á athugunarsvæðinu 2001-2006.	16
Mynd 7. Fjöldi barna 0-15 ára eftir sveitarfélögum 2006.	16
Mynd 8. Framreikningur á fjölda barna miðað við nemendafjölda og íbúatal 2006.....	17
Mynd 9. Fjöldi stöðugilda við skólana á svæðinu veturinn 2006-2007.	18
Mynd 10. Snjómokstursreglur á Norðausturlandi veturinn 2006-07.....	22
Mynd 11. Skólaakstur til skólanna fjögurra á sameiningarsvæðinu.....	26
Mynd 12. Samanburður á útgjöldum til reksturs grunnskóla og hlutfall af skatttekjum hjá nokkrum sveitarfélögum árið 2005 (kr. á íbúa).....	30
Tafla 1. Vegalengdir milli skóla og valinna staða á svæðinu og utan þess.	20
Tafla 2. Helstu stærðir í rekstrarkostnaði skólanna í sveitarfélögunum árið 2006.....	31
Tafla 3. Rekstrarkostnaður skólanna árið 2006 per nemanda.....	32
Tafla 4. Kostnaður við rekstur leikskóla og tónlistarskóla 2006.....	33
Tafla 5. Framreiknaður nemendafjöldi Stórutjarnaskóla.....	38
Tafla 6. Framreiknaður nemendafjöldi Litlulaugaskóla	39
Tafla 7. Framreiknaður nemendafjöldi Hafralækjarskóla	39
Tafla 8. Framreiknaður nemendafjöldi Grunnskólans í Skútustaðahreppi.....	39
Tafla 9. Framreiknaður nemendafjöldi sameinaðs Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla.....	40
Tafla 10. Framreiknaður nemendafjöldi allra skólanna saman	43

1 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Íbúum hefur fækkað á sameiningarsvæðinu á undanförunum árum. Bæði kemur þar til brottflutningur fólks, einkum yngra fullorðins fólks, og að færri börn hafa verið að fæðast. Fækkað hefur í grunnskólunum fjórum á sameiningarsvæðinu og við blasir meiri fækkun. Hlutfallslegur kostnaður hefur því verið að hækka.
- Ekki hafa verið gerðar stórvægilegar breytingar á fyrirkomulagi grunnskólamála enn sem komið er, en umræða um þau mál hefur verið mikil á svæðinu. Ákveðin hagræðing hefur átt sér stað með samrekstri leik- og grunnskóla í Þingeyjarsveit sem er athyglisvert framtak.
- Miklar vegalengdir setja því einkum skorður hvaða möguleikar eru til staðar í hagræðingu í grunnskólarekstri. Samgöngubætur sem hafa verið gerðar á svæðinu auka möguleika og væntanleg Vaðlaheiðargöng munu auka þá möguleika enn frekar.
- Tekin voru viðtöl við sveitarstjórnarmenn, skólastjóra og foreldra á svæðinu, auk þess að rýna í fyrirliggjandi gögn um mannfjölda, rekstur skólamála, landfræðilegar aðstæður o.fl.
- Foreldrar hafa áhyggjur af fækkun nemenda og afleiðingum hennar, m.a. með félagslegar þarfir barnanna í huga. Skólaakstur er ekki álitinn íþyngjandi fyrir börnin meðan hann er ekki óhóflega langur og kröfur eru gerðar um góðan aðbúnað og öryggi barnanna.
- Settir eru fram þrjár valkostir um fyrirkomulag skólamála á svæðinu. Fleiri valkostir eru til staðar en höfundar hafa kosið að takmarka valið við þessa þrjá til nánari skoðunar og umfjöllunar.
- **Óbreytt skipan skólamála á svæðinu.** Þessi valkostur myndi að öllum líkindum lágmarka óróa meðal íbúa og nemenda vegna skólamála á svæðinu og sömuleiðis munu breytingar á störfum í skólunum til skemmi tíma verða minni en í tilviki annarra valkosta. Ef framreikningur á nemendafjölda, sem bendir til mikillar fækkunar, reynist á rökum reistur verður þó tæplega hægt að viðhalda þessari skipan lengi vegna kostnaðar, félagslegra þarfa nemenda og krafna um fjölbreytni í námi.

- **Sameining skólahalds Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla á Hafralæk en skólahald í Stórutjarnaskóla og Grunnskólans í Skútustaðahreppi óbreytt.** Sameinaði skólinn byði upp á aukinn fjölbreytileika s.s. í félagslegum samskiptum nemenda og námsvali þeirra. Húsnæði er til staðar á Hafralæk sem rúmar þennan nemendafjölda og tiltölulega stutt er á milli skólanna. Þetta er sá valkostur sem er auðveldastur í framkvæmd og mætti líta á sem hagræðingaraðgerð til skemmri tíma litið.
- **Skólahald allra skólanna sameinað í eina skólastofnun á Laugum, skólasel rekið fyrir börn á yngsta stigi og miðstigi í Reykjahlíð.** Þetta má líta á sem langtímamarkmið fyrir skólaskipan á svæðinu, e.t.v. sem þátt í mótun aðalskipulags fyrir nýtt sveitarfélag. Vegna mikillar vegalengdar til Lauga úr Fnjóskadal er bent á þann möguleika að nemendur þaðan sæktu skóla til Eyjafjarðar en Vaðlaheiðargöng eru ákveðin forsenda fyrir því. Um langan tíma hafa Laugar í raun verið skólasetur Þingeyjarsýslu og myndi þessi skipan skólamála renna styrkari stoðum undir framtíðarþróun staðarins. Þetta er eini valkosturinn sem getur komið til móts við náms- og félagslegar þarfir elstu nemenda í Skútustaðahreppi í ljósi nemendafækkunar.

2 INNGANGUR

Í október 2007 er stefnt að kosningu um sameiningu sveitarfélaganna Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Á vegum þessara sveitarfélaga er starfandi samstarfsnefnd og verkefnisstjóri til að undirbúa sameininguna. Verkefnisstjórinn fór þess á leit við RHA að stofnunin tæki til skoðunar hvernig skipa mætti skólamálum í hinu nýja sveitarfélagi komi til sameiningar sveitarfélaganna þriggja. Í dag reka sveitarfélögin þrjú fjóra skóla, þ.e. Grunnskóla Skútustaðahrepps í Skútustaðahreppi, Hafralækjarskóla í Aðaldælahreppi, Litlulaugaskóla og Stórutjarnaskóla í Þingeyjarsveit. Auk þess greiðir Þingeyjarsveit kostnað af nokkrum nemendum úr Út-Kinn sem sækja nám í Hafralækjarskóla. Norðurþing og Tjörneshreppur eiga aðild að rekstri Hafralækjarskóla.

Kostnaður sveitarfélaga við rekstur skólamála er jafnan mikill. Aðstæður sem eru með þeim hætti sem gerist í þessum sveitarfélögum í Suður- Þingeyjarsýslu ýta enn undir hækkun þessa kostnaðar. Nemendum hefur fækkað í skólunum á undanförunum árum og við blasir enn meiri fækkun. Samgöngur á svæðinu hafa þó batnað nokkuð og bílar orðið betri og þetta skapar tækifæri til stækkunar skólasvæða og hagræðingar. Í ljósi ofangreinds verður tæplega undan því vikist að taka til skoðunar skólamál á svæðinu og þá möguleika sem til staðar eru í endurskipulagningu þeirra.

Hér verða skólamál sveitarfélaganna skoðuð miðað við að sameining þeirra verði samþykkt á árinu 2007. Markmiðið með verkefninu er að bæta yfirsýn yfir skólamál á svæðinu og þar með grundvöll fyrir ákvarðanatöku sveitarfélaga á þessu sviði. Eingöngu verður litið til grunnskólans í þessu verkefni.

Verkið var unnið af Hjalta Jóhannessyni, sérfræðingi hjá RHA og Trausta Þorsteinssyni, forstöðumanni skólaþróunarsviðs Kennaradeildar Háskólans á Akureyri í samráði við verkefnisstjóra samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

3 GÖGN OG AÐFERÐIR

Þessari rannsókn má í stórum dráttum skipta í tvo megin þætti. Fyrri þátturinn felst í söfnun og greiningu ýmissa gagna um skólahlald á svæðinu, rekstur sveitarfélaga og lýðfræðilega þætti. Þessi gögn voru fengin hjá skólunum á sameiningarsvæðinu, sveitarfélögunum og opinberum aðilum, s.s. Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hagstofu Íslands og menntamálaráðuneytinu.

Hinn megin þáttur rannsóknarinnar felst í viðtölum höfunda við, sveitarstjórnar-fólk og skólafólk á svæðinu. Þetta eru skólastjórar allra grunnskólanna, oddvitar Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, og sveitarstjóri Skútustaðahrepps. Einnig var fundað með samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna þriggja. Þá var rætt við skólastjóra Borgarhólsskóla á Húsavík og sveitarstjóra Norðurþings. Loks voru kallaðir saman þrjú rýnihópar foreldra barna við Hafralækjarskóla, Litlulaugaskóla og Stórutjarnaskóla. Höfundar völdu sex foreldra í hvern hóp og höfðu til viðmiðunar að þeir mynduðu sem best þversnið af hverju svæði fyrir sig með tilliti til búsetu innan svæðisins, aldurs barnanna og jafna skiptingu kynjanna.

Alls voru viðmælendur 34 talsins. Viðtölin áttu sér flest stað dagana 14.–15. maí 2007 og fundað var með rýnihópum foreldra 6. og 7. júní. Á grundvelli úrvinnslu ofantalinna gagna var síðan tekin saman álitssgerð og mat lagt á forsendur fyrir mögulegum breytingum á fyrirkomulagi skólahlalds á svæðinu.

Drög að skýrslu voru afhent verkefnisstóra samstarfsnefndar til yfirllesturs til þess að sannreyna að rétt sé farið með staðreyndir.

4 SAMEINING SVEITARFÉLAGA OG FRÆÐSLUMÁL

Í tengslum við sameiningu sveitarfélaga hefur oft verið ráðist í breytingar á grunnskólahaldi á viðkomandi svæðum. Þetta tvennt er nátengt þar sem svipað gildir um grunnskólann og aðra þjónustu og stjórnsýslu sveitarfélaga að samfélagsþróun og bætta samgöngur valda því að hagkvæmt og/eða nauðsynlegt er að sinna þjónustu og stjórnsýslu yfir stærri svæði en áður. Hvernig þetta gerist var m.a. skoðað í nokkuð umfangsmikilli rannsókn á sameiningu sjö sveitarfélaga sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri gerði árið 2002 (Grétar Þór Eyþórsson og Hjalti Jóhannesson, 2002). Sú reynsla sem fékkst með þeirri rannsókn, m.a. á áhrifum sameiningar sveitarfélaga á fræðslumál, hefur nýst í tengslum við sameiningar sem hafa átt sér stað á undanförunum árum.

Í ofangreindri rannsókn voru skoðaðir ýmsir þættir í rekstri sveitarfélaganna og gerð könnun á viðhorfum íbúa og forsvarsmanna sveitarfélaganna til lýðræðismála, stjórnsýslu, þjónustu í helstu málaflokkum og loks búsetu- og byggðaþróunar. Af rannsókninni má draga nokkurn lærdóm um rekstur fræðslumála og viðhorf íbúa og sveitarstjórnarmanna til hagræðingar í málaflokknum. Ekki kemur á óvart að talsverður órói skapaðist í sveitarfélögum þar sem endurskipulagning skólamála átti sér stað. Þar sem engar sérstakar aðgerðir höfðu átt sér stað var meiri sátt um hlutina en kostnaður við málaflokkinn var þá jafnan í hærra lagi og sumstaðar mjög mikill.

Ekkert sveitarfélag af því svæði sem hér er til skoðunar var tekið fyrir í rannsókninni en samt sem áður er mögulegt að finna hliðstæðar aðstæður og í þessum þremur sveitarfélögum í Suður-Þingeyjarsýslu.

Borgarfjarðarsveit¹ var eitt þeirra sveitarfélaga sem rannsókn RHA tók til en aðstæður þar voru um margt svipaðar og í hreppunum þremur sem hér eru til skoðunar. Þar voru reknir tveir skólar, Kleppjárnsreykjaskóli og Andakílsskóli. Sameining Borgarfjarðarsveitar tók gildi árið 1998. Engar breytingar höfðu verið gerðar á fyrirkomulagi skólamála frá sameiningunni 1998 þegar rannsóknin fór fram. Íbúar allsstaðar í sveitarfélaginu reyndust hafa svipaða afstöðu til þjónustunnar og sátt virtist ríkja um skólamál í sveitarfélaginu. Kostnaður við rekstur málaflokksins var hins vegar mikill.

¹ Sveitarfélagið varð til við sameiningu árið 1998 en sameinaðist síðan Borgarbyggð árið 2006.

Viðtöl við forsvarsmenn sveitarfélagsins og spurningakönnun meðal íbúa leiddi í ljós að hagræðingu yrði tekið með mismikilli ánægju í sveitarfélaginu. Í rannsókninni voru íbúar beðnir um að svara því hvaða breytingar hefðu orðið á skólamálum með tilliti til sameiningarinnar. Í ljós kom að nálega þrír af hverjum fjórum sögðu ástandið svipað og áður og raunar voru það aðeins 18 prósent allra aðspurðra sem upplifðu breytingar. Þeir voru þó fleiri sem töldu mál hafa breyst til hins betra en verra. Ekki var hægt að greina neitt frávík frá þessu eftir búsetu fólks, þ.e. fólk upplifði þróunina svipað óháð því hvar það bjó. Þetta er raunar í samræmi við það sem fyrirfram hefði mátt búast við þar sem ekki hafði verið gripið til neinna umtalsverðra breytinga frá sameiningunni. Í könnun meðal íbúa Borgarfjarðarsveitar var spurt um afstöðu þeirra til mögulegrar hagræðingar í skólamálum. Þeir voru beðnir um að svara því hvort þeir væru sammála eða ósammála fullyrðingunni: „Nauðsynlegt er að hagræða í skólamálum með fækkun skóla“. Niðurstöður bentu til að íbúarnir skiptust í tvær nánast jafnstórar fylkingar í afstöðu sinni til fullyrðingarinnar. Annars vegar var að finna mikla andstöðu, sérstaklega meðal íbúa í gamla Andakílshreppi sem væntanlega töldu sig myndu verða þolendur í slíkum aðgerðum enda með fámennari skólann (á Hvanneyri) en hins vegar var nokkurt fylgi við hagræðingu meðal íbúa hinna svæðanna.

Í aðdraganda sameiningar í Borgarbyggð árið 2004 vann RHA að verkefni um skipulag skólamála í Borgarfirði. Í samræmi við niðurstöður þess verkefnis voru Andakílsskóli á Hvanneyri og Kleppjárnsreykjaskóli í Reykholtsdal sameinaðir í einn, Grunnskóla Borgarfjarðar. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri eru á Kleppjárnsreykjum og deildarstjóri á Hvanneyri.

Dalabyggð er annað sveitarfélag sem rannsókn RHA frá 2001 tók til. Þar eru aðstæður einnig að mörgu leyti hliðstæðar við sveitarfélögin þrjú í Suður-Þingeyjarsýslu sem hér eru til skoðunar. Dalabyggð varð til við sameiningu árið 1994 og hafði því verið rekin sem sameinað sveitarfélag í 7 ár þegar rannsókn RHA fór fram. Miklar breytingar á skólamálum höfðu orðið eftir sameininguna og mikil átök átt sér stað. Við sameiningu ráku sveitarfélögin á svæðinu og ríkið tvo skóla saman; annan að Laugum í Sælingsdal (50 nemendur veturinn 1998–1999) og hinn í Búðardal (56 nemendur veturinn 1998–1999). Árið 2000 var allt skólalald sameinað í Búðardal og stunduðu 82 nemendur nám í sameinaða skólanum veturinn 2002–2003. Við þessa breytingu lækkaði kostnaður

sveitarfélagsins við fræðslumál nokkuð og var árið 2001 orðinn nánast sá sami og meðaltalskostnaður sveitarfélaga í stærðarflokknum 300-999 íbúa. Þetta olli aftur á móti því að mikil óánægja varð meðal íbúanna á upptökusvæði Laugaskóla. Það varð til þess að stofnaður var nýr skóli, Grunnskólinn Tjarnarlundi í nágrenna-sveitarfélaginu Saurbæjarhreppi og stunduðu þar 20 nemendur nám í 1.–10. bekk veturinn 2002–2003 en hreppurinn rak áður Laugaskóla í samstarfi við Dalabyggð. Þessi óánægja kom berlega í ljós í könnun RHA sem framkvæmd var haustið 2001 þrátt fyrir að Saurbæjarhreppur hafi ekki verið með í þeirri könnun.


Í rannsókn RHA kom fram að andstæðingar þeirrar ákvörðunar, að leggja niður kennslu í Laugaskóla, bentu m.a. á að börnunum yrði ekið allt of langa leið til skóla í Búðardal. Þegar skólanum að Laugum var lokað fækkaði einnig um nokkur störf á svæðinu og er líklegt að það sé einnig ástæða þeirrar óánægju sem verið hefur meðal andstæðinga þessarar ákvörðunar. Þá var yfirtöku sveitarfélaganna á öllum rekstri grunnskólans gjarnan kennt um erfiðleika við rekstur málaflokksins. Ekki hafi fylgt nægilegt fjármagn með málaflokknum þegar hann fluttist frá ríkinu og þess vegna hafi þurft að skera niður í rekstri skólanna. Þá kom einnig fram sú skoðun að ekki hafi verið haft nægilegt samráð við íbúa áður en ákvörðun var tekin um að loka Laugaskóla t.d. með því að halda borgarafundi um áformin. Nemendur í Grunnskólanum Tjarnarlundi voru 11 skólaárið 2006–2007 skv. tölum frá Hagstofunni en nemendur í Grunnskólanum í Búðardal 81. Sveitarstjórn Dalabyggðar ákvað á fundi sínum 21. febrúar 2006 í tengslum við sameiningu Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps að reka skyldi Grunnskólann Tjarnarlundi a.m.k. þrjú næstu ár að hluta til með sérstökum stuðningi Jöfnunarsjóðs².

Þessi tvö dæmi sýna fram á hversu viðkvæmur þessi málaflokkur er fyrir öllum breytingum. Breytingar, s.s. fækkun skóla og sameining skólahverfa mun alltaf hafa óróa í för með sér í samfélaginu. Það er eðlilegt, skólarnir eru mikilvægir vinnustaðir, bæði barna og fullorðinna og oft mikilvægasta og stundum eina stofnunin á dreifbýlum svæðum. Þegar breytingar verða ekki umflúnar má eðlilega búast við andstöðu af hálfu íbúanna.

² Sjá http://www.dalabyggd.is/Default.asp?Sid_Id=7354&tre_rod=003|004|&tid=4&Id=7560

5 SAMFÉLAGSÞRÓUN Á SVÆÐINU


Sameiningarsvæðið, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit og Aðaldælahreppur, ber þau sömu einkenni og gjarnan má sjá á landsbyggðinni. Hefðbundnar atvinnugreinar hafa verið ríkjandi, fjölbreytni í atvinnulífi hefur því verið takmörkuð, íbúum hefur fækkað og byggð grisjast vegna brottflutnings og smærri fjölskyldna. Þá eru vegalengdir miklar og vegakerfi víða slæmt s.s. á ystu mörkum skólasvæðis Stórutjarnaskóla í Fnjóskadal og Bárðardal. Ljóst er að við þessar aðstæður verður sífellt erfiðara að halda uppi margvíslegri þjónustu við íbúana sem gerð er sjálfsögð krafa um í nútímasamfélagi. Einn þessara þjónustupátta er grunnskólinn.



Mynd 1. Sveitarfélagaskipan á svæðinu.


5.1 Íbúafjöldi

Samtals bjuggu 1.366 íbúar á athugunarsvæðinu 1. desember 2006 en voru 1.606 árið 1997 og hafði þeim þá fækkað um 240, þ.e. 15%. Fækkunin var svipuð milli sveitarfélaganna eða 13% í Skútustaðahreppi, 15% í Þingeyjarsveit og 18% í Aðaldælahreppi. Myndin hér að neðan sýnir þessa þróun. Allar tölur um mannsfjölda eru fengnar af vef Hagstofu Íslands og eru fyrir 1. desember hvers árs, www.hagstofa.is.




Mynd 2. Íbúapróun á athugunarsvæðinu 1997-2006.

Samsetningu mannfjöldans eftir kyni og aldri má sjá á myndunum hér að neðan (mannfjöldapýramídum) annars vegar fyrir 1997 og hins vegar fyrir 2006. Á myndunum kemur fram að mikil breyting hefur átt sér stað á þessu tímabili og hlutfallsleg fækkun í yngstu hópum þeirra fullorðnu hefur átt sér stað og sömu-leiðis í hópi yngstu barnanna. Þetta eru meðal sígildra einkenna svæða sem hafa átt við brottflutning að stríða. Á sama 10 ára tímabili hafa brottfluttir verið 266 umfram aðflutta til svæðisins, þetta jafngildir um 18% af meðal íbúafjölda þess á tímabilinu.



Mynd 3. Skipting mannfjöldans á athugunarsvæðinu eftir kyni og aldri árið 1997.


Á myndinni hér að ofan má sjá mannfjöldapýramída fyrir sveitarfélögin á sameiningarsvæðinu (heildregnar línur) til samanburðar við landið í heild (skyggður flötur) árið 1997. Myndin sýnir nokkuð dæmigerða samsetningu mannfjöldans fyrir landsbyggðarsvæði. Sjá má hlutfallslega vöntun íbúa á aldrinum 20–34 ára meðal annars vegna brottflutnings til náms og starfa annarsstaðar þar sem fjölbreytni er meiri og einnig er eldra fólk hlutfallslega margt.



Mynd 4. Skipting mannfjöldans á athugunarsvæðinu eftir kyni og aldri árið 2006.

Mikil breyting hefur átt sér stað milli ára 1997 og 2006 hvað varðar samsetningu mannfjöldans eins og samanburður mannfjöldaþýramídanna að ofan ber glögg með sér. Afar mikil fækkun hefur átt sér stað meðal ungra fullorðinna og meðal yngstu aldursflokka. Börn þessa unga brottflutta fólks eru því líklega fædd og staðsett annarsstaðar á landinu eða erlendis og er þetta því miður sú staða sem svo mörg landsbyggðarsamfélög standa frammi fyrir.

Mynd 5 sýnir búferlaflutninga á tímabilinu en þeir hafa verið talsverðir og einkennast af brottflutningi frá svæðinu.



Mynd 5. Búferlaflutningar 1997-2006, aðfluttir umfram brottflutta per 100 íbúa (%).

Brottflutningur var mestur úr Aðaldælahreppi, 26% en minnstur úr Skútustaðahreppi, 13%. Í Þingeyjarsveit voru brottfluttir umfram aðflutta 18% af meðal íbúafjölda tímabilsins. Ekki kemur á óvart að þessar tölur eru í samræmi við íbúáþróun svæðisins. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang á athugunarsvæðinu er aðeins um 3% eða 42 einstaklingar árið 2006, landsmeðaltal erlendra ríkisborgara er 6%. Árið 2000 var hlutfall erlendra ríkisborgara á svæðinu einnig lágt eða 3%.

6 ÞRÓUN OG STAÐA SKÓLAMÁLA Á SVÆÐINU

6.1 Yfirstjórn skólamála

Skipulag skólamála er með líkum hætti í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi. Fræðslunefnd fer með málaflökkinn í umboði sveitarstjórnar og skólastjóri er hver yfir sinni skólastofnun. Það sem er þó óvenjulegt í Þingeyjarsveit er að skólastjórnir eru jafnframt skólastjórar leikskólanna en deildarstjórar sinna hinni faglegu stjórn þeirra.

Annars konar skipulag er við lýði hjá Aðaldælahreppi, þar sem Hafralækjarskóli er rekinn með nágrennasveitarfélögum Tjörneshreppi og Norðurþingi í gegnum samstarfssamning og rekstrarnefnd. Aðaldælahreppur sér um skrifstofuhald fyrir rekstrarnefndina. Á vegum Aðaldælahrepps er einnig starfandi skólanefnd og rekur hreppurinn leikskólann Barnaborg.

Tónlistarkennsla nýtur sérstakrar stöðu á svæðinu en sjálfstæðir tónlistarskólar eru reknir við skólana, með sérstökum skólastjóra yfir hverjum þeirra nema í Stórutjarnaskóla, þar er deildarstjóri yfir tónlistarskólanum eins og yfir leikskólanum þar en skólastjóri grunnskólans fer með yfirstjórn.

Grunnskólinn í Skútustaðahreppi, Hafralækjarskóli og Litlulaugaskóli fá sérfræðipjónustu frá Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga. Fastar heimsóknir eru til hvers skóla einu sinni í mánuði. Stórutjarnaskóli er hins vegar með sérstakt fyrirkomulag á sérfræðipjónustu. Hún er aðkeypt. Samningar hafa verið gerðir við skólasálfræðing, tal- og sérkennara sem fengnir eru til að sinna ákveðnum verkefnum eftir þörfum hverju sinni.

6.2 Skólarnir, aðstaðan og þjónustan

Höfundar skoðuðu skólana í fylgd skólastjóra. Hafa ber í huga að góð aðstaða í skólabyggingum er engin trygging fyrir skólahaldi á viðkomandi stað. Þróun samfélagsins á viðkomandi skólasvæði og staðsetning skólans hefur úrslitaþýðingu hvað framtíð skólahaldsins varðar. Hafa ber í huga að fækkað hefur í dreifbýli, börn voru fleiri á hverju heimili, vistun grunnskólabarna á heimavist var almennt viðurkennt form þegar þrjú elstu skólarnir voru byggðir og aðstæður allar, s.s. í samgöngumálum voru mjög frábrugðnar því sem nú gerist.

Tölur um nemendafjölda skólanna eru fengnar af vef Hagstofu Íslands til þess að tryggja samræmi gagnanna, sjá <http://hagstofa.is/?PageID=781>.

6.2.1 Grunnskóli Skútustaðahrepps

Grunnskóli Skútustaðahrepps er staðsettur í þorpinu í Reykjahlíð í nýlegu skólahúsi sem er hentugt fyrir starfseminna og í góðu ástandi eins og búast má við af svo nýlegri byggingu sem hér um ræðir. Sundlaug og íþróttahús eru skammt frá skólanum. Tónlistarskólinn hefur aðsetur í skólanum. Um miðjan 10. áratug síðustu aldar þegar skólinn var nýbyggður var ákveðið að sameina allt skólalærdag í Mývatnssveit í Reykjahlíð og skólinn lagður af á Skútustöðum. Talsverður ágreiningur varð um þessar breytingar. Nemendur voru 73 í upphafi skólaársins 2006–2007 í fimm bekkjardeildum.

6.2.2 Hafralækjarskóli

Hafralækjarskóli er rekinn samkvæmt samstarfssamningi af Aðaldælahreppi, Tjörneshreppi og Norðurþingi³. Reikningshaldari skólans hefur aðsetur á skrifstofu Aðaldælahrepps. Börn úr hluta Þingeyjarsveitar, þ.e. úr Út-Kinn, sækja skóla að Hafralæk og hefur svo verið þrátt fyrir að svæðið tilheyri Þingeyjarsveit og áður Ljósavatnshreppi sem frá upphafi stóð að rekstri Stórutjarnaskóla. Þingeyjarsveit greiðir fyrir þessa nemendur sína samkvæmt sérstökum samningi sem kveður á um viðmiðunargjald Sambands íslenskra sveitarfélaga að viðbættu 80% álagi⁴.

Börn sem búa á meðferðarheimilinu Árbót í Aðaldal stunda nám við skólann og greiðir Barnaverndarstofa fyrir námsvist þeirra samkvæmt sérstökum samningi.

Kennsla hófst við Hafralækjarskóla árið 1972 og var þar rekin heimavist fyrir börn frá Tjörnesi þar til um miðjan 10. áratuginn en daglegur akstur var hafinn af Tjörnesi til reynslu árið 1992 (Hjálmar Bogi Hafliðason, 2005). Skólahúsnæðið er stórt og hefur rúmað vel þann fjölda nemenda sem þar hefur verið, þ.e. u.þ.b. 100 nemendur. Á undanförunum árum hefur nemendum fækkað umtalsvert í

³ Reykjahreppur var aðili að rekstrarfélaginu fyrir sameiningu við Húsavíkurbæ og síðar Norðurþing.

⁴ Gjald fyrir skólaárið 2007/2008 er eftirfarandi: 20 nemendur í árgangi eða fleiri kr. 38.300 á mánuði, 10 að 20 nemendum í árgangi kr. 49.600 á mánuði, færri en 10 nemendur í árgangi kr. 60.500 á mánuði (<http://www.samband.is/template1.asp?ID=956>)

Hafralækjarskóla og í upphafi skólaársins 2006–2007 voru nemendur 66 í sjö bekkjardeildum. Við þá fækkun nemenda sem hefur orðið í Hafralækjarskóla á undanförunum árum má segja að húsnaðið sé orðið mjög rúmt. Við skoðun á húsnaðinu kom fram að talsvert viðhald er framundan. Samkvæmt viðtali við oddvita Aðaldælahrepps hefur rekstrarnefnd skólans ekki látið meta kostnað við endurbætur húsnaðisins heildstætt en farið hefur verið í endurbætur eftir því sem nauðsynlegt hefur verið talið af skólastjóra, húsverði og rekstrarnefnd.

6.2.3 Litlulaugaskóli

Litlulaugaskóli er rekinn í húsi sem áður var fyrst og fremst notað sem heimavist, mötuneyti og íbúð skólastjóra og kennara. Upphaflega grunnskólahúsnaðið er nú notað sem leikskóli og tónlistarskóli en sú breyting var gerð þegar fækkaði í skólanum um nokkurra ára skeið. Ástand grunnskólahúsnaðisins sem er á þremur hæðum virðist nokkuð gott en starfsmenn hafa kvartað undan skorti á húsrými. Þá hefur húsnaðið einnig þann annmarka að vera ekki hannað sem kennsluhúsnaði. Engin aðstaða er til handmennta í skólanum. Skólinn nýtir sama íþróttahús og sundlaug og Framhaldsskólinn á Laugum og er sú aðstaða með því allra besta sem gerist. Nokkurt samstarf er milli Litlulaugaskóla og Framhaldsskólans á Laugum um sérgreinakennslu elstu bekkja grunnskólans. Hefur nemendum Litlulaugaskóla gefist kostur á að ljúka samræmdum prófum í tilteknum námsgreinum ári fyrr og takast á við framhaldsnám í viðkomandi námsgrein í Framhaldsskólanum á Laugum. Hefur þetta samstarf virkað hvetjandi og gengið mjög vel að mati skólastjóra.

Það er sjaldgæft að til staðar séu þrjú fyrstu skólastigin í byggð sem ekki er fjölmennari en raun ber vitni og að hafa framhaldsskóla er meðal þeirra atriða sem metin eru hvað mikilvægust búsetuskilyrða á landsbyggðinni (Byggðarrannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003). Nemendur Litlulaugaskóla voru 47 í upphafi skólaársins 2006–2007 í 4 bekkjardeildum.

6.2.4 Stórutjarnaskóli

Fyrsta skóflustungan að Stórutjarnaskóla var tekin 1969 og hófst kennsla þar haustið 1971 (Hjálmar Bogi Hafliðason, 2005). Ljósavatnshreppur, Hálshreppur, Bárðdælahreppur og Grýtubakkahreppur stóðu að framkvæmdinni. Húsnaðið er mjög stórt fyrir þann nemendafjölda sem þar er nú, eða aðeins 48 nemendur

veturinn 2006–2007. Hins vegar hefur verið rekinn leikskóli á Stórutjörnum um nokkurra ára skeið sem nýtir hluta húsnæðisins þar sem voru áður heimavistir nemenda. Leikskólinn er lokaður yfir sumarið. Þá er einnig rekinn tónlistarskóli í Stórutjarnaskóla. Húsnæðið virðist í góðu ástandi. Á sumrin hefur verið rekið Edduhótel á Stórutjörnum í heimavist skólans og sérstakri hótélálmu sem stendur stakstæð norðan skólans⁵ og nýtir hótelið auk þess annað rými sem þarf til hótélrekstursins. Af þessum ástæðum er ekki boðið upp á leikskólavistun á sumrin. Nemendur voru 48 í upphafi skólaársins 2006–2007 í fjórum bekkjardeildum.

6.3 Nemendur og kennarar


Nemendum á svæðinu fer fækkandi í samræmi við þá íbúáþróun sem lýst var hér að framan. Nokkuð misjafnt er milli skólahverfa hversu mikil þessi fækkun er, en líkja má henni við bylgju sem gengur yfir svæðið. Mikil fækkun nemenda hefur þegar orðið í Stórutjarnaskóla, í Hafralækjarskóla hefur orðið mjög hröð fækkun á allra síðustu árum og fyrirsjáanleg er mikil fækkun í Grunnskóla Skútustaðahrepps. Litlulaugaskóli er ákveðin undantekning þar sem nemendafjöldinn hefur verið heldur upp á við á undanförunum árum og er líklegt að fjölbreytni í samsetningu atvinnulífs í Reykjadal hafi þar nokkuð að segja. Tilvist Framhaldsskólans á Laugum og þjónustustörf í kringum hann ásamt starfsemi Laugafisks eru dæmi um atvinnustarfsemi sem er frábrugðin því sem gerist annarsstaðar á því svæði sem hér er til skoðunar. Þarna er því ákveðinn vaxtarbroddur til staðar.

6.3.1 Nemendur

Haustið 2006 voru 234 nemendur skráðir í skólana á svæðinu skv. gögnum Hagstofunnar. Grunnskólinn í Skútustaðahreppi er fjölmennasti skólinn á svæðinu og tók á árinu 2006 við því hlutverki af Hafralækjarskóla. Fækkun nemenda á svæðinu hefur verið talsverð eða 29 frá árinu 2001. Mest hefur fækkað í Hafralækjarskóla frá 2001 eða um tæplega þriðjung (28 nemendur). Þá hefur fækkað um 10 nemendur í Stórutjarnaskóla en fjölgað um 10 í Litlulaugaskóla. Grunnskólinn í Skútustaðahreppi hefur haldið sínum hlut að mestu þetta tímabil.


⁵ Þessi stakstæða hótélálma er í eigu sérstaks félags.

Þegar litið er til hlutfalls barna af heildar íbúafjölda má sjá það sem mannfjöldapyramídinn fyrir 2006 (sjá að framan) hafði gefið vísbendingar um. Þetta hlutfall er fremur lágt, sérstaklega í Aðaldælahreppi og Þingeyjarsveit.



Mynd 6. Fjöldi nemenda í skólum á athugunarsvæðinu 2001-2006.


Í Tjörneshreppi sem á aðild að Hafnalækjarskóla var ekkert barn á aldrinum 0–5 ára þann 1. desember 2006. Raunar er staðan mun alvarlegri en svo fyrir Tjörneshrepp. Verið var að ferna yngstu börnin í hreppnum vorið 2007. Ef fram heldur sem horfir þarf ekki að sinna kennslu fyrir börn þaðan á næstu árum.



Mynd 7. Fjöldi barna 0-15 ára eftir sveitarfélögum 2006.

Framreiknaður nemendafjöldi

Sé nemendafjöldi skólanna framreiknaður miðað við fjölda nemenda þeirra haustið 2006 og fjölda íbúa 0–5 ára á skólasvæðunum 1. desember 2006⁶ kemur í ljós að fækkun nemenda er almenn á svæðinu en þó mismikil eftir skólum. Ekki er tekið mið af búferlaflutningum en væri það gert má búast við að fækkunin gæti orðið meiri en hér er sýnt þar sem brottfluttir hafa verið fleiri en aðfluttir á undanförunum árum. Mynd 5 á bls. 11 hér að framan sýnir þá stöðu. Þar að auki eru áhrif búferlaflutninga á einstaka aldurshópa misjafnlega mikil. Mestur er brottflutningur á meðal ungra fullorðinna⁷, þ.e. foreldra yngstu barnanna og bera mannfjöldapíramídar þessa glögg merki sbr. umfjöllun um íbúafjölda hér að ofan.

**Mynd 8. Framreikningur á fjölda barna miðað við nemendafjölda og íbúatal 2006.**

Nemendur allra skólanna yrðu samkvæmt þessu 160 veturinn 2012–13 í stað 234 nú. Þetta jafngildir 32% fækkun. Mest yrði fækkun nemenda í Grunnskóla Skútustaðahrepps miðað við þessar forsendur, um 49%. Þetta mun t.d. hafa

⁶ Forsendur: Gengið er út frá að nemendur sem eru á forskólaaldri færast upp í grunnskóla þar sem þeir búa nú. Skólahverfi eru óbreytt, þannig teljast börn fædd í Reykjahverfi og Út-Kinn til skólahverfis Hafralækjarskóla. Gengið er út frá því að nemendur frá Árbót verði álíka margir og nú, eða um 12 á ári. Þeim er dreift jafnt á þrjá elstu bekki grunnskólans.


⁷ Tíðni búferlaflutninga er almennt mest hjá fólki á aldrinum 20-35 ára.

neikvæð áhrif á félagslegt umhverfi barnanna en fámennið er meðal þess sem foreldrar kvörtuðu yfir. Við núverandi aðstæður væri erfitt fyrir nemendur að finna sér vini í nemendahópnum. Ef þeir fáu einstaklingar sem eru af svipuðu reki passa illa saman væri við ákveðinn vanda að stríða.

Nokkrum erfiðleikum er bundið að framreikna fjölda nemenda Hafralækjarskóla þar sem 12 nemendur eru að jafnaði frá meðferðarheimilinu Árbót og dreifast þeir á 8. – 10. bekk og stundum fyrstu bekki framhaldsskóla. Dreifing þessara nemenda á árganga er mjög mismunandi milli ára og jafnvel innan skólaársins. Að sögn oddvita Aðaldælahrepps kveður samningur við Barnaverndarstofu m.a. á um að aldrei verði fleiri en 7 þessara nemenda kennt í senn á Hafralæk. Á móti kemur kennsla á Árbótaheimilinu. Sú leið var farin við framreikninginn að bæta 4 nemendum við hvern árgang barna á svæðinu í 8. – 10. bekk til að fá fram heildar nemendafjölda skólans. Stöðugleiki í heildar nemendafjölda frá Árbót veldur því að minna fækkar í Hafralækjarskóla en hinum skólunum.

6.3.2 Kennarar og annað starfsfólk

Mynd 9 sýnir fjölda kennara og annars starfsfólks skólanna veturinn 2006-2007⁸.



Mynd 9. Fjöldi stöðugilda við skólana á svæðinu veturinn 2006-2007.

⁸ Hafralækjarskóli, staða í desember, skólar Þingeyjarsveitar, staða í nóvember.

Nokkur munur er á mönnun skólanna miðað við nemendafjölda og er Grunnskólinn í Skútustaðahreppi með betri nýtingu starfsmanna miðað við nemendafjölda. Hinir skólarnir eru með svipaða nýtingu innbyrðis en Hafralækjarskóli þó heldur betri. Þetta er í stórum dráttum í samræmi við þær tölur um rekstrarkostnað skólanna sem fjallað er nánar um í kafla 8 enda vegur mannahald þyngst í rekstri skóla.

Þegar tölur úr Árbók sveitarfélaga fyrir árið 2005 voru skoðaðar kom í ljós mun meiri munur milli skólanna hvað mönnun varðar en í gögnum fyrir veturinn 2006-2007 sem höfundar fengu beint frá sveitarfélögunum og skólunum. Ekki kunna höfundar neinar skýringar á þeim mun sem kemur þarna fram á milli ára. Af þessum sökum var ákveðið að nota ekki tölur Sambandsins en óska þess í stað eftir upplýsingum um mönnun beint frá öllum skólunum

6.4 Skólaakstur

Í stórum dráttum má segja að vegalengdir, aðrar landfræðilegar aðstæður og fjöldi og dreifing mannfjöldans á svæðinu hafi einna mest um það að segja hvaða forsendur eru til skólahalds þar og breytinga á því.

Þannig háttar til á því svæði sem hér er til skoðunar að vegalengdir eru afar miklar og byggð hefur verið að grisjast verulega á undanförunum árum. Þannig er nauðsynlegt að halda úti skólaakstri með svipuðum hætti nú og þegar byggð var þéttari og nemendur fleiri hér áður fyrr. Landfræðilegar aðstæður eru þannig á svæðinu að vegalengdir eru miklar, langir dalir og vegir yfir heiðar og fjöll. Þessar aðstæður ráða líklega mestu um það hvaða möguleikar eru til staðar í hagræðingu í skólamállum.

Þrátt fyrir samgöngubætur sem hafa verið gerðar á undanförunum árum á svæðinu var kvartað undan ástandi vega í rýnihópum foreldra, sérstaklega á þetta við um Fnjóskadal og Bárðardal. Meira þurfi að koma til. Samgöngubætur síðustu ár sem breyta óneitanlega forsendum skólaskipunar á svæðinu eru t.d. uppbyggður vegur með bundnu slitlagi um Fljótshéiði og Mývatnsheiði. Þá er ljóst að Vaðlaheiðargöng breyta möguleikum til skólasóknar vestast á svæðinu og nemendur gætu e.t.v. annað hvort sótt þaðan nám til Eyjafjarðar eða öfugt.

Taflan hér að neðan sýnir vegalengdir milli skólanna á sameiningarsvæðinu, skóla utan þess og vegalengdir til nokkurra valinna staða á svæðinu. Vegalengdir eru

fengnar frá Vegagerðinni úr vegaskrá og sérstakri handbók sem tekin var saman hjá Vegagerðinni á Akureyri (Vegagerðin, 1990 og 2007). Tölur eru námundaðar við eins kílómetra nákvæmni. Þessum vegalengdum ber nokkuð vel saman við vegalengdir sem hægt er að mæla með kortadiskum Landmælinga Íslands. Sú aðferð var notuð til að meta umfang styttinga vegna Vaðlaheiðarganga og í Út-Kinn. Í töflunni er miðað við að jafnan sé ekin stysta vegalengd milli staða. Sýndar eru mögulegar styttingar fyrir nokkrar vegalengdir/staði á svæðinu. Annars vegar vegna Vaðlaheiðarganga og hins vegar í Út-Kinn í tengslum við nýja brú yfir Skjálfafljót og styttingu í Aðaldalshrauni.

Tafla 1. Vegalengdir milli skóla og valinna staða á svæðinu og utan þess.

	Stórutjarnaskóli	Litlulaugaskóli	Hafralækjarskóli	Grunnskóli Skútustaðahrepps	Húsavík	Svalbarðseyri, Valsárskóli	Grenivík, Grenivíkurskóli	
Stórutjarnaskóli		23	33	62	52	29	39	Hafralækur um Kinn
Litlulaugaskóli	23		20	42	39			
Hafralækjarskóli	33	20		59	22			
Grunnsk. Skútustaðahr.	62**	42**	59/39*		54			*Um Reykjadal/Kísilveg. ** Um Þjóðveg 1
Húsavík	52	39	22	54				
Svalbarðseyri	29/26							Um Víkurskarð/um Vaðlaheiðargöng
Grenivík	39							
Björg	35	43	24		43			
Vegamót v/Ófeigsstaði	22	30	11		30/26			Um núverandi leið/með mögulegum styttingum
Svartárkot	55	58	71					
Stöng	44	24	41	28				
Helluvað	41	20	38	21				
Brún	30	9	26	33				
Stafn	33	14	29					
Klamrasel		47	28		24			
Hveravellir		43	24		21			
Laxárvirkjun	35	19	11					
Máná			44		22			
Þverá í Dalsmynni	23	45	55			34/31	17	Um Víkurskarð/um Vaðlaheiðargöng
Fjósatunga	23	45	55			32/25		Um Víkurskarð/um Vaðlaheiðargöng

Talsverðar vegalengdir eru á skólasvæði Stórutjarnaskóla en þær virðast samt almennt vera vel innan þeirra marka sem oft er miðað við, þ.e. um 40 mínútna

akstur hvora leið⁹. Þannig eru t.d. um 23 km til bæði Þverár í Dalsmynni og Fjósatungu í Fnjóskadal. Lengstur er aksturinn um 55 km frá Svartáarkoti í Bárðardal sem er í raun undantekning. Saman fer því miður, að þar sem vegalengdirnar eru mestar er ástand vega lakast. Athyglisvert er að stytting leiðarinnar til Svalbarðseyrar um Vaðlaheiðargöng úr Fnjóskadal yrði ekki meiri en raun ber vitni en hafa ber í huga að gæði þessarar vegtengingar þ.e. á láglandi yrðu ósambærileg við veginn um Víkurskarð.

Vegalengdir innan skólasvæðis Litlulaugaskóla eru minnstar af skólunum á svæðinu. Þannig er lengsta vegalengd til skólans frá bænum Stafni í Reykjadal eða um 14 km.

Innan skólasvæðis Haftralækjarskóla eru miklar vegalengdir í skólaakstri. Lengstur er skólaakstur af Tjörnesi eða um 44 km frá Máná. Meiri hluti nemenda býr þó í fremur lítilli akstursvegalengd frá skólanum. Frá Björgum í Þingeyjarsveit eru um 24 km til Haftralækjarskóla en til samanburðar eru um 35 km þaðan til Stórutjarnaskóla.

Til Grunnskólans í Skútustaðahreppi er mesta vegalengd u.þ.b. 28 km frá bænum Stöng en um 21 km frá Helluvaði.


Ljóst er að skólaakstur til skóla utan svæðisins er eða gæti orðið styttri í einstökum tilfellum. Þannig er t.d. mun styttra frá Þverá um Dalsmynni til Grenivíkur en Stórutjarnaskóla. Frá Reykjahverfi er styttra til Húsavíkur en Haftralækjarskóla. Álíka langt er frá Helluvaði að Laugum og til Reykjahlíðar. Ef Vaðlaheiðargöng verða að veruleika mun verða heldur styttra til Svalbarðseyrar en Stórutjarnaskóla frá bæjum í Fnjóskadal.

Einföld greining á vegalengdum eins og hér kemur fram gefur aðeins vísbendingu um hversu miðlega staðsetningu skólarnir hafa frá ákveðnum, völdum stöðum, innan svæðisins. Önnur leið til að skoða miðlægustu staðsetningu væri t.d. að finna á korti hnit fyrir alla staði innan svæðisins og margfalda síðan þau hnit með íbúa- eða nemendafjöldanum á hverjum stað. Með því væri fundin þungamiðja svæðisins með tilliti til íbúafjölda (vegið meðaltal staðsetningar). Slík þungamiðja kann hins vegar að liggja utan besta vegakerfisins og var því ákveðið að nota ekki

⁹ Þ.e. um 43 km vegalengd miðað við 65 km meðalhraða á klst. og 50 km miðað við 75 km meðalhraða á klst.

Þá aðferð, hún hentar betur þar sem athugunarsvæðið er einsleitara hvað landslag varðar og tengingar milli staða betri.

Snjómokstursreglur Vegagerðarinnar má sjá á kortinu á næstu síðu (www.vegagerdin.is). Í Bárðardal, Fnjóskadal og hluta Aðaldals sér Vegagerðin ekki um mokstur og ber sveitarfélagið því ábyrgð á honum en kostnaðinum er skipt á milli þess og ríkisins. Kortið gefur því til kynna að þjónusta sé lakari en hún er í raun og veru þar sem það tekur ekki tillit til snjómoksturs sem gerður er að frumkvæði sveitarfélaga¹⁰.



Mynd 10. Snjómokstursreglur á Norðausturlandi veturinn 2006-07.

Heimild: www.vegagerdin.is

¹⁰ Í verklagsreglum Vegagerðarinnar kemur eftirfarandi fram: „Vegi í flokkunum D, E, F, aðra tengivegi og vegi að skíðasvæðum er heimilt að moka með kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar að hámarki fimm sinnum í viku, meðan fært þykir vegna veðráttu og snjöpungsla. Vegagerðin greiðir þá helming kostnaðar þegar beðið hefur verið um moksturinn og greiðsla mótaðila hefur verið tryggð, enda komi moksturinn fleiri vegfarendum til góða en þeim, sem um hann biður. Óskir sveitarfélaga um slíkan mokstur skal að jafnaði ganga fyrir óskum einstaklinga. Fyrir tengivegi gildir þessi regla aðeins að býlum með vetursetu. Kostnaður við allan annan mokstur, umfram það sem ofangreindar reglur segja til um, skal greiddur af viðkomandi sveitarfélagi eða þeim sem óska eftir viðbótarmokstri“ Sjá vef Vegagerðarinnar: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vetrarhjonusta/leidbeinvetrarhjon/4565a363a87dc04b00257110005629de?OpenDocument>.

Samkvæmt upplýsingum úr rýnihópi foreldra er snjómokstur þó sérstaklega fátíður í Dalsmynni. Snjómokstur er tíður skv. verklagsreglum á flestum öðrum leiðum.

Samkvæmt gögnum frá Vegagerðinni hafa lokanir á undanförunum árum ekki verið tíðar á þeim leiðum sem skólaakstur til skólanna fjögurra er stundaður á. Hafa ber þó í huga að undanfarnir vetur hafa verið afar snjóléttir og óvarlegt að treysta á að slíkt ástand haldist. Á nokkrum stöðum innan skólasvæðis Stórutjarnaskóla er snjóflóðahætta við ákveðnar aðstæður, sérstaklega í Ljósavatnsskarði. Þá geta þar einnig verið ákafir sviptivindar við ákveðnar aðstæður. Í rýnihópum foreldra kom fram að misjafnt er hve fólk upplifir mismunandi aðstæður á svæðinu sem mikla hindrun í vegi þess að breyta upptökusvæðum skóla. Svo virðist sem viðhorf til samgangna endurspegli ekki fyllilega þær breytingar sem hafa átt sér stað.

Þegar skoðað er skipulag skólaaksturs má sjá að leitast hefur verið við að stytta ferðatíma barnanna eins og frekast er kostur, m.a. með því að láta skólabíla sem aka lengri leiðir koma við á fáum stöðum til skóla.

6.4.1 Grunnskóli Skútustaðahrepps

Skólaakstur er á tveimur leiðum sem byrja hvor um sig á svipuðum slóðum en liggja sitt hvorum megin við Mývatn. Vegalengdir og leiðir eru í stórum dráttum þessar skv. útboðsgögnum.

- Frá Baldursheimi að Gautlöndum og norðan við Mývatn að Reykjahlíð, alls tæplega 29 km.
- Frá Sjónarhóli við Haganes að Grænavatni og sunnan við vatnið að Reykjahlíð, alls tæplega 20 km. Eknar eru tvær ferðir heim mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga þar sem skóladagur yngri barnanna er styttri.

6.4.2 Hafralækjarskóli

Til Hafralækjarskóla er ekið á fimm leiðum samkvæmt áætlun;

- Kinnarleið, frá Björgum um 24 km bein leið (35 mín. skv. akstursáætlun).
- Reykjahverfisleið, frá Klambreseli um 28 km bein leið (28 mín. skv. akstursáætlun).

- Aðaldalur suðurleið, frá Miðhvammi um Laxárvirkjun um 14 km bein leið (34 mín. skv. akstursáætlun).
- Aðaldalur norðurleið, Hraunkot – Núpar um 16 km beina leið (17 mín. skv. akstursáætlun).
- Tjörnesleið, frá Mánárbakka um 44 km beina leið (42 mín. skv. akstursáætlun).

Þar að auki er sérstakur skólabíll fyrir nemendur frá meðferðarheimilinu að Árbót á vegum þeirra stofnunar. Flestir nemendur eru á leiðinni „Aðaldalur suðurleið“ 25 og 11 nemendur á „Reykjahverfisleið“.

6.4.3 Litlulaugaskóli

Skólaakstur til Litlulaugaskóla er þannig skipulagður að börnum úr dreifbýlinu er fyrst ekið að skóla en síðan er börnum úr þéttbýlinu á Laugum ekið að skólanum. Á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum eru tvær ferðir heim vegna styttri skóladags yngri barna. Þegar allir nemendur hætta á sama tíma er börnum úr þéttbýlinu ekið fyrst heim en síðan börnum sem búa í dreifbýlinu. Samkvæmt upplýsingum frá foreldrum var tekinn upp skólaakstur innan þéttbýlisins á Laugum þegar fram kom krafa úr þeirra hópi að auka þyrfti umferðaröryggi barnanna.

6.4.4 Stórutjarnaskóli

Skólaakstur til Stórutjarnaskóla fer fram á fimm leiðum.

- Fnjóskadalur sunnan Þjóðveggar 1 og Ljósavatnsskarð að hluta.
- Fnjóskadalur norðan Þjóðveggar 1 (foreldrar aka með barn frá Þverá til móts við skólabílinn, að Hallgilstöðum) og Ljósavatnsskarð að hluta.
- Svartáarkot og vestanverður Bárðardalur.
- Austanverður Bárðardalur og bæir í grennd við Fosshól við Þjóðveg 1.
- Kaldakinn frá Hrafnstöðum og suður úr.

Lengsti skólaakstur til Stórutjarna er úr Svartáarkoti sem er undantekning en lengsti akstur úr Fnjóskadal tekur um 40 mínútur. Leikskólabörnum er ekið í skólabílum, en engin sérstök aðstoðarmanneskja er í bílunum vegna þessa. Sjá má að leitast er við að stytta veru barna í skólabíl sem lengst þurfa að fara með því að hafa viðkomustaði sem fæsta á þeim leiðum.


6.4.5 Viðhorf foreldra til skólaaksturs

Í rýnihópum foreldra komu fram mismunandi viðhorf til skólaaksturs. Almennt voru foreldrar sammála um að sá tími sem börn eru í skólabíl sé ekki of langur við núverandi skipulag. Mestu máli skipti að aðbúnaður og öryggi í bílunum væri sem best. Aðbúnaður í skólabílum hafi yfirleitt batnað mjög mikið á undanförunum árum. Á það var m.a. bent í rýnihópi foreldra að aðbúnaður og sæti í skólabílum væru oftast mun betri en í sjálfum skólastofunum.

Einstöku foreldrar nefndu hættu af slæmu veðurlagi á einstöku stað innan skólasvæðanna. Veðurlag gæti verið afar mismunandi á tiltölulega stuttum vegalengdum. Flestir töldu þó að veðurfar eða færð hömluðu almennt ekki skólaakstri og að síðastliðin 10–12 ár hafi skólahald varla raskast svo nokkru nemi vegna snjóa og ófærðar. Það sem sé meira hamlandi í dag sé hvassviðri og hálka en ekki snjór. Þetta er mjög í samræmi við könnun sem RHA gerði á samgöngum og ferðavenjum árið 2002 (Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson, 2004).

Svo virðist sem enn í dag sé Fljótsheiði metin sem ákveðinn þröskuldur milli Reykjadals og Ljósavatnsskarðs þrátt fyrir að reynslan sýni að svo sé í raun ekki. Þá kom fram að Kaldakinn sé metin af sumum foreldrum sem landfræðileg hindrun vegna þess að þar sé ríkjandi fjölbreytt veðurlag. Kváðu foreldrar að um þrjú veðrakerfi væri að ræða úr Út-Kinn í Stórutjarnaskóla.

Sumir töldu að lengja mætti skólaakstur til að koma til móts við aðrar þarfir barnanna s.s. þær félagslegu og til þess að þau gætu orðið hluti af fjölmennara skólasamfélagi þegar um væri að ræða sameiningu skóla.



Mynd 11. Skólaakstur til skólanna fjögurra á sameiningarsvæðinu.

7 VIÐHORF Í SAMFÉLAGINU

Rætt var við foreldra barna í þeim þremur skólum þar sem einkum eru forsendur til breytinga á skólahaldi vegna landfræðilegra aðstæðna. Stuðst var við aðferðafræði rýnihópa og notaður var viðtalsrammi til að tryggja að viðtölin tækju á þeim þáttum sem höfundar vildu frá svör við. Þessi viðtöl gefa vísbendingar um viðhorf til skólamála í samfélaginu. Þegar hefur aðeins verið minnst á viðhorf foreldra í tengslum við skólaakstur.

Hlutverk skólans í samfélaginu er almennt talið afar mikið. Skólinn sé mikilvægur þáttur þegar fólk velur sér búsetu. Þá séu þau störf sem skólinn skapar afar mikilvæg fyrir viðkomandi svæði. Skólinn eigi verulegan þátt í því að skapa samfélagslega heild á því svæði sem hann starfar á. Í einum rýnihópnum kom fram eftirfarandi setning sem lýsir þessu viðhorfi foreldra ágætlega: „skólinn er okkar lífakkeri“. Þetta er t.d. í samræmi við meginniðurstöður tveggja nýlegra námsritgerða (Ólafur Arngrímsson, án ártals og Fanney Ágeirsdóttir, 2007). Í síðarnefndu ritgerðinni kemur m.a. fram sú fullyrðing að ein af grundvallarforsendum þess að fámennt samfélag lifi af sambærilegar samfélagsbreytingar og á því svæði sem hér er til skoðunar sé að íbúar taki höndum saman um að efla lífsþrótt þess og að skólinn hljóti öðrum stofnunum fremur að vera í aðstöðu til að taka virkan þátt í slíkri þróun. Á hverju skólasvæði fyrir sig höfðu foreldrar áhyggjur af þeirri íbúafækkun sem orðið hefur og fyrirsjáanleg er á næstu árum. Ein af afleiðingum þess er að fámennir árgangar barna koma niður á félagslegum samskiptum barnanna. Ekki er auðvelt að eignast vini við þessar aðstæður.

Viðhorf til framhaldsskóla eru almennt jákvæð skv. mati foreldra en misjafnt er til hvaða framhaldsskóla námið er sótt. Mest er sótt til Akureyrar frá öllum svæðum nema skólasvæði Litlulaugaskóla, þar er mest sótt til Framhaldsskólans á Laugum. Svo virðist sem nemendur sammælist að vissu marki um að sækja framhaldsnám í ákveðna skóla eða til tiltekinna staða.

Skólarnir á svæðinu hafa mismikið samstarf sín á milli. Þannig á Stórutjarnaskóli samskipti við skóla í Eyjafirði, samstarf sem viðgengist hefur í á annan áratug og gengur undir nafninu „Samskólar“. Hafralækjarskóli, Litlulaugaskóli, Grunnskóli Skútustaðahrepps og Borgarhólsskóli eiga hins vegar meiri samskipti sín á milli. Þetta á fyrst og fremst við um félagslíf nemenda og íþróttakappleiki. Samskiptaleyfi milli skólanna tveggja sem Þingeyjarsveit rekur er ennfremur

sérstaklega umhugsunarvert að mati foreldra og vildu þeir sjá meiri samskipti þarna á milli.

Í tengslum við íbúapróun á svæðinu barst talið gjarnan að tveimur atriðum sem foreldrar töldu að gætu snúið við þessari óheillaþróun og í raun bjargað skólunum. Annars vegar væri það álver við Húsavík og hins vegar Vaðlaheiðargöng.

8 REKSTUR FRÆDSLUMÁLA HJÁ SVEITARFÉLÖGUNUM

Hér er fjallað um kostnað Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps, og Þingeyjarsveitar við rekstur fræðslumála samkvæmt ársreikningum á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga¹¹ og einnig til samanburðar, þriggja „sambærilegra“ sveitarfélaga. Um nettótölur er að ræða, þ.e. búið er að draga frá kostnaði allar tekjur sem á móti koma. Þokkalegt samræmi á að vera milli sveitarfélaga þar sem stuðst er við samræmdar reglur um skráningu bókhalds.

Hafa ber í huga mismunandi aðstæður í sveitarfélögum, s.s. aldurssamsetningu, þróun og dreifingu byggðar og vegalengdir. Þetta endurspeglast í mismunandi rekstrarkostnaði.

8.1 Fjármögnun skóla

Í lögum um grunnskóla eru engin fyrirmæli um fjármögnun grunnskóla né kveðið á um skipan nemendahóps skóla í bekkjardeildir eða námshópa. Þau viðmið heyra sögunni til en þau voru sett í eldri lögum er kennsla í grunnskólum var kostuð af ríkinu. Lög settu viðmið með þessum hætti til ákvörðunar há-

(Lög um grunnskóla 49/1991)
76. gr.
 Í fámennum skólum, þar sem aldursflokkar í 1.-8. bekk eru saman í deild, skal við það miðað að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:
 8 nemendur ef aldursflokkar eru fleiri en fjórir
 12 nemendur ef aldursflokkar eru fjórir
 17 nemendur ef aldursflokkar eru þrír
 22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.
 Þegar sérstaklega stendur á getur fræðslustjóri ákveðið fjölgun um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild gegn aukinni kennslu með fjölgun tíma.
 Í 9. og 10. bekk skal miðað við að deildir séu eigi færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekk skólans. Til þess að 9. og 10. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi mega nemendur í þessum deildum þó ekki vera færri en 12 að meðaltali, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

marksfjölda kennslustunda til skólanna og á þeim grunni voru fjárveitingar til skólanna ákvarðaðar. Í lögum um grunnskóla 49/1991 var kveðið á um það að við það skyldi miðað að ekki væru fleiri en 22 nemendur


í bekkjardeild í 2.–3. bekk og ekki fleiri en 28 í 4.–10. bekk. Í 1. bekk skyldu nemendur í einstökum bekkjardeildum ekki vera fleiri en 18 þó það ákvæði laganna næði aldrei fram að ganga en gildistöku þess ákvæðis var ætíð frestað af hálfu löggjafans. Í lögnum voru jafnframt settar fram viðmiðunarreglur um fjölda nemenda í samkennslu árganga í fámennum skólum.

¹¹ Reikningarnir eru til á Excel-formi í þessu veffangi: <http://www.samband.is/template1.asp?id=2023>

Engin slík sameiginleg viðmið hafa verið sett af hálfu sveitarfélaga eftir að þau tóku við öllum rekstri grunnskólans 1996. Það getur því verið mismunandi hvernig að þeim málum er staðið frá einu sveitarfélagi til annars. Þrátt fyrir samkenndu árganga má ljóst vera að nýting á hverjum kennslutíma í fámennum skólum er í flestum tilfellum önnur en í einnar hliðstæðu skólum (einn árgangur – ein deild). Eðli málsins samkvæmt verður kennslukostnaður í fámennum skólum hærri á hvern nemanda en í fjölmennum skólum þar sem fleiri nemendur eru bak við hverja kennslustund í skólanum. Sambandið milli lækkunar kostnaðar með fjölgun nemenda er þó ekki línulegt og má í því sambandi benda á umfjöllum um rannsókn Vífils Karlssonar (2003) í kafla 8.2 hér að neðan.

8.2 Samanburður á kostnaði við rekstur grunnskólanna

Myndin hér að neðan sýnir grunnskólakostnað sveitarfélaganna á sameiningarsvæðinu og þriggja annarra sveitarfélaga sem hafa lík einkenni. Tölur eru fengnar af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.



Mynd 12. Samanburður á útgjöldum til reksturs grunnskóla og hlutfall af skatttekjum hjá nokkrum sveitarfélögum árið 2005 (kr. á íbúa)

Þessi sveitarfélög, Eyjafjarðarsveit (998 íb.), Hrunamannahreppur (786 íb.) og Bláskógabyggð (921 íb.), hafa að mörgu leyti svipuð einkenni og mætti bera saman við þau þrjú sem eru hér til skoðunar. Kostnað þeirra til reksturs

grunnskóla og hlutfall reksturs grunnskóla af skatttekjum má sjá á myndinni hér að ofan. Nokkur munur var á kostnaði við rekstur grunnskólans hjá þessum sveitarfélögum árið 2005. Lægstur var kostnaðurinn hjá Skútustaðahreppi 173.185 kr. á íbúa en hæstur hjá Þingeyjarsveit 225.149 kr. Hlutfall þessa kostnaðar af skatttekjum var lægst 45% í Skútustaðahreppi en hæst 57% í Þingeyjarsveit. Hafa ber fyrirvara við því að skatttekjur sveitarfélaga eru nokkuð mismunandi. Af þessum sveitarfélögum voru þær lægstar í Hrunamannahreppi 2005, um 369.000 kr. á íbúa en langhæstar í Bláskógabyggð, um 435.000 kr.

Í eftirfarandi töflu kemur fram skipting helstu kostnaðarliða við rekstur grunnskólanna á sameiningarsvæðinu. Byggt er á gögnum úr bókhaldi sveitarfélaganna árið 2006.

Tafla 2. Helstu stærðir í rekstrarkostnaði skólanna í sveitarfélögunum árið 2006.

	Laun	Vörur og þjónusta	Skóla-akstur	Húsnæði/Innri leiga	Annar kostn.	Styrkir og framlög	Samtals	Per nemanda
Grunnskóli Skútustaðahr.	51.798.187	8.511.401	7.134.210	11.583.479		-261.750	78.765.527	1.078.980
Hafralækjarskóli	74.600.355	8.582.839	19.324.289	5.546.641	2.714.238		110.768.362	1.678.309
Litlulaugaskóli	45.148.702	8.201.135	3.586.079	4.538.134		1.472.585	62.946.635	1.339.290
Stórutjarnaskóli	54.771.905	11.014.467	15.691.452	13.911.285			95.389.109	1.987.273
Samtals	226.319.149	36.309.842	45.736.030	35.579.539	2.714.238	1.210.835	347.869.633	1.486.622

Heimild: Aðaldalabreppur, Skútustaðabreppur og Þingeyjarsveit, 2007

Ljóst er að kostnaður Grunnskóla Skútustaðahrepps á hvern nemanda er hagstæðastur en kostnaður Stórutjarnaskóla mestur. Hafralækjarskóli fær nemendur frá meðferðarheimilinu Árbót og greiðslur vegna námsvistar þeirra samkvæmt samningi við Barnaverndarstofu. Auk þess fær skólinn framlög frá Þingeyjarsveit vegna námsvistar þeirra nemenda sem koma úr Út-Kinn. Greiðslur vegna þeirra eru skv. viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga að viðbættu 80% álagi. Kostnaður við skólaakstur er langlægstur í Litlulaugaskóla en umfangsmestur er hann í nágrennaskólanum á Hafralæk. Skólaakstursleiðir eru þær sömu og verið hefur þrátt fyrir að nemendafjöldi við skólann sé mun minni þar sem dreifing byggðarinnar er með svipuðum hætti og verið hefur. Skólaakstur frá Tjörnesi mun þó að óbreyttu leggjast af eftir tvö ár.

Tafla 3 sýnir frekari samanburð á helstu liðum í rekstrarkostnaði skólanna í samanburði við nemendafjölda þeirra haustið 2006. Þar má sjá hvernig launakostnaður er afgerandi þáttur í rekstrarkostnaði skólanna og er talsvert breitt bil á milli þeirra hvað þennan kostnað áhrærir. Þessi kostnaður er hæstur í Stórutjarna- og Hafralækjarskóla. Athyglisvert er hve aðrir liðir eru líka misjafnlega háir og að Stórutjarnaskóli skuli skera sig svo úr sem þessar tölur bera með sér. Áður hefur verið minnst á ástæður þess að kostnaður við skólaakstur minnkar ekki í samræmi við fækkun nemenda – óhagræði af stóru skólasvæði eykst aðeins við grisjun byggðarinnar innan þess. Svipað er uppi á teningnum hvað húsnæði varðar. Þrátt fyrir að búið sé að finna ný not fyrir húsnæði Stórutjarna að hluta s.s. með leikskólarekstri og félagsstarfi íbúanna var það hannað og byggt fyrir mun fleiri nemendur en eru þar í dag og kostnaðurinn deilist því eðlilega á færri.

Tafla 3. Rekstrarkostnaður skólanna árið 2006 per nemanda.

	Laun	Vörur og þjónusta	Skólaakstur	Húsnæði/Innri leiga
Grunnskóli Skútustaðahrepps	709.564	116.595	97.729	158.678
Hafralækjarskóli	1.130.308	130.043	292.792	84.040
Litlulaugaskóli	960.611	174.492	76.300	96.556
Stórutjarnaskóli	1.141.081	229.468	326.905	289.818
Svæðið allt	967.176	155.170	195.453	152.049

Heimild: Aðaldælabreppur, Skútustaðabreppur og Þingeyjarsveit, 2007

Það sem skiptir einna mestu máli um rekstrarkostnað skóla er að stærð bekkjardeilda sé hagkvæm, þ.e. að störf kennara nýtist sem best enda ber taflan að ofan það með sér hve afgerandi laun eru í heildarkostnaðinum. Mönnun skólanna er því lykilatriði og þá er átt við alla starfsmenn, ekki bara kennara. „Stærri skólar eru ekki nauðsynlega hagkvæmari heldur en þeir minni ef menn gæta ekki að stærð og fjölgun annarra starfsmanna en kennara samtímis“ (Vífill Karlsson, 2003, 19).

Í rannsókn sinni kemst Vífill að því að réttindakennarahlutfall¹² hafði ekki marktæk áhrif á meðalkostnað grunnskóla. Þeir þættir sem mest áhrif höfðu á meðalkostnaðinn voru nemenda-kennarahlutfall¹³, þá kennarahlutfall¹⁴ og loks nemendafjöldi. Þannig segir í sömu rannsókn að „hagræðing[u] í skólastarfi

¹² Hlutfall kennara með réttindi af heildarfjölda kennara við skólann.

¹³ Nemenda-kennara hlutfall, þ.e. hve margir nemendur eru að baki hvers kennara.

verður ekki náð með stækkun skóla ef ekki fylgir heppileg stærð bekkjadeildar og varfærni í ráðningum stjórnenda og skrifstofufólks“.

Af þessu má draga þá ályktun að almennt séu skólar hagkvæmastir þar sem fjöldi í árgangi er um eða yfir 20 að meðaltali því þá þarf hlutfallslega fæsta kennara. Skólar með 10 árganga eru því hagkvæmastir með í kringum 200 og 400 nemendur o.s.frv. að því gefnu að árgangastærðir séu tiltölulega jafnar. Skólar þar sem samkensla árganga er stunduð geta náð svipaðri hagkvæmni við 100 nemenda stærð enda séu nemendahópar að meðaltali um 20. Vandinn er að sveiflur í árgangastærðum koma illa niður á samkensluskólum af þessu tagi. Miðað við að börn á grunnskólaaldri séu að jafnaði rúmlega 14% mannfjöldans þarf um 700 manna sveitarfélag til að halda úti 100 nemenda skóla og til að ná hagkvæmu stærðinni 200 nemendur þarf því um 1.400 íbúa. Sameiningarsvæðið var með 211 nemendur á grunnskólaaldri þann 1. desember 2006 sem er 15,4% mannfjöldans. Þetta hlutfall kemur því miður til með að lækka á næstu árum þegar skoðaður er fjöldi barna á forskólaaldri.

8.3 Leikskólar og tónlistarskólar

Í viðræðum við sveitarstjórnarmenn kom fram að þeim þykir kostnaður við rekstur tónlistarskóla mikill. Taflan hér að neðan sem byggir á gögnum úr bókhaldi sveitarfélaganna og frá rekstrarnefnd Hafralækjarskóla sýnir hvernig þessi kostnaður var árið 2006.

Tafla 4. Kostnaður við rekstur leikskóla og tónlistarskóla 2006.

	Kr.		Kr. per íbúa	
	Leikskóli	Tónlistarskóli	Leikskóli	Tónlistarskóli
Aðaldælahreppur/rekstrarnefnd Hafralækjarskóla	14.618.870	9.726.479	-	23.805
Skútustaðahreppur	11.521.131	8.496.077	28.100	20.722
Þingeyjarsveit	20.150.141	18.652.879	28.827	26.685

Heimild: Aðaldælahreppur, Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit, 2007

Ljóst er að kostnaður við tónlistarskólana er mikill þar sem verið er að reka einn skóla við hvern grunnskóla með þeirri undantekningu að við Stórutjarnir er um tónlistarskóladeild að ræða en skólastjóri grunnskólans er jafnframt skólastjóri tónlistarskólans. Svipað fyrirkomulag er um að ræða hvað varðar leikskólana í

¹⁴ Kennarahlutfall segir til um hlutfall þeirra sem fást við kennslu af öllum starfsmönnum skóla.

Þingeyjarsveit. Skólastjórar grunnskólanna eru jafnframt skólastjórar leikskólanna en deildarstjórar sinna daglegum rekstri. Í leikskóla Aðaldælahrepps voru 12 börn á síðasta ári og þar af voru tvö úr Þingeyjarsveit¹⁵, af þessum sökum var ákveðið að sýna ekki þennan kostnað í hlutfalli af íbúafjölda Aðaldælahrepps eingöngu.

¹⁵ Munnlegar upplýsingar frá skrifstofu Aðaldælahrepps 17.7.2007.

9 VALKOSTIR UM BREYTT FYRIRKOMULAG SKÓLAMÁLA

Með vísan til þeirrar greiningar sem fyrir liggur á íbúaþróun á svæðinu og rekstri grunnskólanna má ljóst vera að ýmislegt bendir til þess að gera megi breytingar á skólaskipan þess. Megin ástæður er mikill kostnaður við skólahlald samhliða fækkun nemenda og verri aðstæður til félagslegra samskipta þeirra. Þá er ljóst að ytri forsendur fyrir breytingum á skipan skólamála breytast sífellt, sérstaklega hvað varðar bætta samgöngur og samgöngutæki þannig að landfræðilegar hindranir verða minni en áður. Samt sem áður er það svo á þessu svæði að þessar landfræðilegu hindranir eru enn umtalsverðar og staðhættir eru þannig að vegalengdir verða alltaf miklar. Höfundar hafa kosið að leggja fram þrjú valkosti um möguleika á breyttu fyrirkomulagi skólamála á svæðinu. Ef sveitarstjórn telur nauðsynlegt að ráðast í breytingar á fyrirkomulagi skólamála er það oft viðhorfið til breytinga í samfélaginu og upplýsingagiöf og samráð af hálfu þeirra sem að breytingum standa sem ræður miklu um hvernig til tekst¹⁶.

Breytingar eru nánast eitt af einkennum nútímans. Þær eiga sér nær allsstaðar stað í samfélaginu og eru oft nefndar sem hið eina sem orðið er stöðugt í nútímasamfélagi.

Dæmigerð viðbrögð við breytingum er að hafna þeim með því að verja eða viðhalda ríkjandi ástandi, þótt nútíminn krefjist eða bjóði upp á breytt vinnubrögð.

Rökrétt viðbrögð við aðkallandi breytingum eru að reyna að stjórna þeim, færa sér þær í nyt, og taka þeim þar með sem sjálfsögðum hlut. Í þessu er fátt auðvelt, ekki síst vegna þess að ýmis öfl sem hamla gegn breytingum, svo sem gildismat, viðhorf og margvíslegir aðrir félagslegir þættir, eru hinir sömu og tryggja festu í lífi og samskiptum einstaklinga.

Þessir þættir eru dregnir fram hér til þess að leggja á það áherslu við lesandann að andstaða við breytingar er í raun mannleg viðbrögð.

Maðurinn hræðist óvissu, um leið og óvissan skapar spennu og forvitni. Upplýsingar og samráð draga úr óvissu.

Kostnaður sveitarfélaga við rekstur grunnskólans hefur almennt verið að hækka frá því sveitarfélögin tóku við rekstri hans af ríkinu árið 1996. Í dreifbýli hefur kostnaðurinn á hvern íbúa eða nemenda jafnan hækkað, aðallega vegna breytinga á búsetumynstri. Því hafa sveitarfélög leitað leiða til þess að hagræða í rekstri eftir því sem aðstæður leyfa. Ákveðnar skorður eru þó settar slíkri hagræðingu og er þar fyrst og fremst um að ræða vegalengdir, staðhætti, veðurlag og gæði samgangna á viðkomandi svæði. Þetta á mjög vel við á því svæði sem hér er til

¹⁶ Þessi hugleiðing er fengin að láni úr kynningarbæklingi með sameiningartillögum fyrir sveitarfélagið sem seinna varð Snæfellsbær. Hvort sem það viðhorf sem þarna kemur fram á einhvern þátt í því eða ekki, þá er þetta eina sameiningin sem samþykkt var í almennum sameiningarkosningum á landinu 20. nóvember 1993!

skoðunar. Ekki er hægt að bjóða nemendum uppá mjög langan skólaakstur við misjafnar aðstæður.

Til viðbótar þeim samfélagsbreytingum sem að ofan er minnst á, virðist sem að með flutningi á öllum rekstrarkostnaði grunnskóla til sveitarfélaga árið 1996 hafi ýmis viðmið sem áður voru viðhöfð við ákvörðun fjármagns til skólanna trosnað. Ríkið hafði á sínum snærum fræðsluskrifstofur sem fylgdust náið með rekstri grunnskóla í hverjum landshluta og höfðu ákveðnar reglur til að ákvarða úthlutun fjár til reksturs hvers grunnskóla. Sveitarfélög og samtök þeirra hafa ekki komið sér upp nýjum í staðinn. Í stað þess hefur hvert sveitarfélag fyrir sig ákvörðunarvald um hversu miklum fjármunum er varið til rekstursins. Af þessu leiðir að kostnaður við rekstur grunnskóla hefur hækkað án þess að menn hafi í öllum tilvikum getað skýrt ástæður hækkana. Í mörgum tilvikum hafa þær verið skýrðar með hækkunum á launum kennara og vegna fjölgunar kennslutíma. Þá hefur þess gætt að náandin milli rekstraraðilans og þeirra er setja fram kröfurnar hefur leitt af sér aukin útgjöld þar sem skort hefur yfirsýn yfir afleiðingar ýmissa ákvarðana sem teknar voru af sveitarstjórn. Hér getur verið um að ræða þætti eins og lengingu skólatíma, viðmiðanir vegna samkenndu árganga, fjölda nemenda í deildum, sérkenndu, gæslu og frímínútur, mötuneyti og fleira. Spyrja má hvort hagfelldustu leiðirnar hafi verið valdar eða hvort kröfunum sé beint í rétta átt, hvort gera megi hlutina með öðrum hætti í skólanum þar sem betur fari saman hámarks þjónusta við nemendur og best nýting fjármagns?

Hér að neðan er að finna þrjá valkosti um breytingu skólamála á svæðinu sem höfundar leggja fram í ljósi þeirra upplýsinga sem þeir hafa aflað sér í formi opinberra gagna, gagna frá sveitarfélögunum og í viðtölum. Breyting á fyrirkomulagi skólamála í sameinuðu sveitarfélagi hefur óhjákvæmilega áhrif á skólaakstur á svæðinu. Við gerð valkostanna var haft að leiðarljósi að hafa vegalengdir í skólabíl innan skynsamlegra marka, að börn þurfi ekki að sitja of lengi í skólabíl á degi hverjum. Ljóst má þó vera að breytingar leiða af sér að akstursleiðir sumra nemenda lengjast frá því sem nú er en styttest hjá öðrum.

Hver valkostur um sig hefur sína kosti og galla og eru þeir helstu taldir upp hér að neðan. Verði sveitarfélögin sameinuð verður það verkefni þeirrar sveitarstjórnar sem kosin verður að taka ákvörðun um þessi mál. Ljóst er að ekki er hægt að binda hendur nýrrar sveitarstjórnar í aðdraganda kosningar um sam-

einingu og því er varað við að gera ákveðnar tillögur í þessu efni fyrir kosningar. Farið er kerfisbundið í gegnum þá valkosti sem helst koma til greina og taldir upp helstu kostir og gallar þeirra. Líta má á þessa umfjöllun sem gróft samanburðarskema til að styðjast við til leiðbeiningar fyrir þá eða þær sveitarstjórnir sem standa frammi fyrir því að ákvarða um framtíðarfyrirkomulag skólamála á þessu svæði. Fleiri valkostir eru til staðar en höfundar hafa kosið að takmarka valið við þessa til nánari skoðunar og umfjöllunar.

Í öllum valkostunum þremur er miðað við rekstur heildstæðra skóla, þ.e.a.s. skóla fyrir 6–16 ára nemendur. Starfræksla þriggja skóla fyrir yngri nemendur (6–12 ára) og eins skóla fyrir alla eldri nemendur (unglingaskóla, 13–16 ára) er ekki talinn valkostur vegna þess að líklegt er að það yrði mjög dýrt fyrirkomulag, hefur í för með sér tvöfaldan skólaakstur og litla hagræðingu. Þá yrðu „barnaskólarnir“ afar fámennir og veikburða stofnanir.

Valkostirnir eru settir fram með þeim fyrirvara að ákvarðanir stjórnvalda eða annarra aðila kunni að umbylta forsendum fyrir skólahaldi, s.s. hvað varðar uppbyggingu atvinnustarfsemi við Húsavík eða annarsstaðar á svæðinu, samgöngubætur sem breyta verulega tengingum milli atvinnu- og búsvæða eða aðrar aðgerðir sem breyta búsetuskilyrðum íbúanna verulega frá því sem nú er. Þá skiptir möguleg aðkoma Jöfnunarsjóðs að fjárfestingum í skólahúsnaði á svæðinu afar miklu máli.

9.1 Valkostur 1: Óbreytt skipan skólamála á svæðinu

Greinilegt er að ýmsir í hópi viðmælenda eru þeirrar skoðunar að halda skuli óbreyttri skólaskipan á svæðinu. Þetta er sá kostur sem mun að öllum líkindum lágmarka óróa meðal íbúa og nemenda vegna skólamála á svæðinu. Til skemmri tíma munu breytingar á störfum verða minni en í tilviki annarra valkosta. Samkvæmt upplýsingum sem höfundar hafa aflað sér virðast skólarnir vera að sinna sínu hlutverki vel og eru hver um sig mikilvæg stofnun á sínu svæði. Ljóst er einnig að þessi valkostur hefur ýmsa ókosti í för með sér, sérstaklega að nokkrum árum liðnum ef framreikningur sem bendir til mikillar fækkunar nemenda, reynist á rökum reistur.

Helstu kostir:

- Foreldrar telja starfið í skólunum gott, nemendum líði almennt vel og þeir eru að skila góðum árangri eins og hann lýsir sér af samræmdum prófum, framfarir nemenda eru góðar.¹⁷
- Meiri sátt er um þessa leið í skólasamfélögunum en aðrar leiðir sem fela í sér breytingar.
- Akstur til skóla verður stystur með þessari skólaskipan.
- Skólarnir sinna áfram því mikilvæga samfélagshlutverki sem þeir hafa gert, hver fyrir sitt svæði, eins og það hefur þróast frá stofnun þeirra.
- Tenging grunnskóla við leikskólastigið, sem er í eðli sínu meiri nærþjónusta, verður betri ef skólasvæðin verða ekki stækkuð umfram það sem nú er.

Helstu gallar:

- Skólarnir eru fámennir sem foreldrar telja ókost hvað varðar hið félagslega uppeldi, s.s. þann mikilvæga þátt að nemendur eigi tækifæri til að eignast vini á svipuðu reki.
- Rekstur skólanna verður dýrastur verði þessi kostur valinn.
- Aðstaða skólanna er mismunandi en það veldur ákveðinni mismunun milli skólasvæða.
- Erfiðleikar geta komið upp við mönnun skóla, starfið er á margan hátt meira krefjandi s.s. vegna samkenslu árganga. Sveigjanleiki í starfsmannahaldi er lítill s.s. í tilviki forfalla.
- Áframhaldandi fækkun nemenda gerir stöðu skólanna enn erfiðari en hún er í dag.

Tafla 5. Framreiknaður nemendafjöldi Stórutjarnaskóla

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	Samtals
2006-07	4	3	4	5	5	9	5	3	3	7	48
2007-08	3	4	3	4	5	5	9	5	3	3	44
2008-09	5	3	4	3	4	5	5	9	5	3	46
2009-10	2	5	3	4	3	4	5	5	9	5	45
2010-11	3	2	5	3	4	3	4	5	5	9	43
2011-12	4	3	2	5	3	4	3	4	5	5	38
2012-13	3	4	3	2	5	3	4	3	4	5	36

¹⁷ Námsmatsstofnun, 2006.

Tafla 6. Framreiknaður nemendafjöldi Litlulaugaskóla

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	Samtals
2006-07	1	6	4	6	0	9	4	0	9	8	47
2007-08	6	1	6	4	6	0	9	4	0	9	45
2008-09	3	6	1	6	4	6	0	9	4	0	39
2009-10	3	3	6	1	6	4	6	0	9	4	42
2010-11	4	3	3	6	1	6	4	6	0	9	42
2011-12	3	4	3	3	6	1	6	4	6	0	36
2012-13	2	3	4	3	3	6	1	6	4	6	38

Tafla 7. Framreiknaður nemendafjöldi Hafralækjarskóla

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	Samtals
2006-07	7	2	4	5	7	6	7	10	11	7	66
2007-08	1	7	2	4	5	7	6	11	13	12	68
2008-09	1	1	7	2	4	5	7	13	11	13	64
2009-10	7	1	1	7	2	4	5	11	13	11	62
2010-11	1	7	1	1	7	2	4	9	11	13	56
2011-12	5	1	7	1	1	7	2	8	9	11	52
2012-13	4	5	1	7	1	1	7	6	8	9	49

Tafla 8. Framreiknaður nemendafjöldi Grunnskólans í Skútustaðahreppi

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	Samtals
2006-07	3	6	6	7	11	5	10	8	8	9	73
2007-08	3	3	6	6	7	11	5	10	8	8	67
2008-09	5	3	3	6	6	7	11	5	10	8	64
2009-10	1	5	3	3	6	6	7	11	5	10	57
2010-11	2	1	5	3	3	6	6	7	11	5	49
2011-12	4	2	1	5	3	3	6	6	7	11	48
2012-13	0	4	2	1	5	3	3	6	6	7	37

9.2 Valkostur 2: Sameining skólahalds Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla á Hafralæk en skólahald í Stórutjarnaskóla og Grunnskólans í Skútustaðahreppi óbreytt

Að mati margra viðmælenda eru Aðaldalur og Reykjadalur að verulegu leyti eitt og sama samfélagið.¹⁸ Segja má að um eina landfræðilega heild sé að ræða, engar hindranir eru þarna á milli. Vegur er með bundnu slitlagi og um 20 km eru á milli skólanna. Skólahúsnaði Hafralækjarskóla rúmar mun meiri nemendafjölda en er þar nú á meðan skólahúsnaði Litlulaugaskóla, sem hannað var upphaflega með

¹⁸ Helgastaðahreppur til ársins 1893.

önnur not í huga, þrengir að starfseminni og er hvorki fullnægjandi að mati skólastjórnenda né foreldra. Hafa ber þó í huga að húsnæði Hafralækjarskóla þarfnast viðhalds, þótt það hafi ekki verið metið kerfisbundið, og því kann notkun þess húsnæðis að reynast dýr til lengri tíma lítið ef fara þarf í umfangsmiklar endurbætur. Líta má á þetta sem aðgerð til hagræðingar a.m.k. til skemmri tíma. Sameining skóla sem þessi kemur, á því svæði sem hún hefur áhrif, til móts við þær óskir foreldra að auka félagslega fjölbreytni fyrir nemendur.

Helstu kostir:

- Þetta er sá valkostur sem auðveldastur er í framkvæmd og ætti að valda tiltölulega litlu róti í samfélaginu.
- Fjárhagslegt hagræði næst með fækkun deilda og betri nýtingu mannafla, húsnæði eins skóla dettur út úr rekstri skólamála sveitarfélagsins.
- Sameinaði skólinn býður upp á aukinn fjölbreytileika s.s. í félagslegum samskiptum nemenda og námsvali þeirra.
- Nýting mannafla verður betri í sameinaða skólanum og aukinn sveigjanleiki í mannahaldi.

Helstu gallar:

- Skólaakstur verður lengri til Hafralækjarskóla og kostnaður við hann eykst.
- Sameining skólanna mun skapa óróa í samfélaginu.
- Þessi sameining leysir ekki vanda af fámenni í Stórutjarnaskóla og í Grunnskóla Skútustaðahrepps. Þeir verða áfram fámennir sem foreldrar telja ókost hvað varðar félagslega þætti, s.s. þann mikilvæga að nemendur geti átt tækifæri á að eignast vini á svipuðu reki.
- Þó svo að þessi sameining eigi sér stað verður áfram um að ræða fámenna skóla með talsverðri samkenndu árganga.
- Störfum fækkar og þau flytjast á milli svæða.

Tafla 9. Framreikaður nemendafjöldi sameinaðs Hafralækjarskóla og Litlulaugaskóla

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	Samtals
2006-07	8	8	8	11	7	15	11	10	20	15	113
2007-08	7	8	8	8	11	7	15	15	13	21	113
2008-09	4	7	8	8	8	11	7	22	15	13	103
2009-10	10	4	7	8	8	8	11	11	22	15	104
2010-11	5	10	4	7	8	8	8	15	11	22	98
2011-12	8	5	10	4	7	8	8	12	15	11	88
2012-13	6	8	5	10	4	7	8	12	12	15	87

9.3 Valkostur 3: Skólalald allra skólanna sameinað í eina skólastofnun á Laugum, skólasel rekið fyrir börn á yngsta stigi og miðstigi í Reykjahlíð

Þann valkost sem hér er dreginn upp má líta á sem langtímamarkmið fyrir skólaskipan á svæðinu, e.t.v. sem þátt í mótun aðalskipulags fyrir nýtt sveitarfélag. Um langan tíma hafa Laugar í raun verið skólasetur Þingeyjarsýslu. Það er sjaldgæft að til staðar séu þrjú fyrstu skólastigin í byggðarlagi sem ekki er fjölmennara en raun ber vitni. Að hafa framhaldsskóla er meðal þeirra atriða sem metin eru sem mikilvæg hvað varðar búsetuskilyrði. Það er því mikilvægt að sameinað sveitarfélag hugi að því með hvaða hætti það getur stutt við starfsemi framhaldsskólans til framtíðar, tryggt aðsókn að skólanum og þróun námsframboðs. Sameining grunnskólanna í sveitarfélögunum þremur í einn grunnskóla á Laugum getur verið lóð á vogarskálarnar að þessu leyti. Samspil náms á grunnskóla- og framhaldsskólastigi á Laugum skapar ýmsa möguleika, s.s. þann að flýta námi einstakra nemenda eins og dæmi eru um nú þegar í Litlulaugaskóla. Þá má einnig benda á þann möguleika að skólaakstur að Laugum gæti einnig nýst nemendum framhaldsskólans.

Staðsetning Lauga fyrir skólasókn víða að, úr því sveitarfélagi sem verið er að undirbúa, er allgóð ef undan er skilinn vestasti hluti skólasvæðis Stórutjarnaskóla, Fnjóskadalur. Vaðlaheiðargöng gæfu nemendum í Fnjóskadal og e.t.v. í Ljósavatnsskarði möguleika á að sækja nám inn til Eyjafjarðar, líklega til Valsárskóla á Svalbarðseyri. Snúist íbúaþróun við þannig að fólki fari aftur fjölgandi á vestanverðu svæðinu með tilkomu Vaðlaheiðarganga getur það rennt stoðum undir skólalald á Stórutjörnum. Jafnvel kæmi skólasókn þangað úr Eyjafirði til greina sem kostur ef sú staða kemur upp að Valsárskóli verði of lítill. Mikil ósvissa er þó um þetta, t.d. vegna aldurssamsetningar þeirra sem kynnu að vilja staðsetja sig austan Vaðlaheiðarganga með atvinnusókn annað í huga.

Vegna fyrirsjáanlegrar nemendafækkunar í Mývatnssveit munu í æ ríkari mæli koma fram ókostir fámennisins hvað varðar félagsleg samskipti sem börn, sérstaklega á unglíngastigi, kalla eftir. Á það má benda að aðstaða til íþróttastarfsemi á Laugum er með því allra besta sem gerist. Raunhæft er að aka elstu árgöngum úr Mývatnssveit í sameinaðan grunnskóla á Laugum en í Reykjahlíð

yrði starfrækt skólasel frá hinum nýja grunnskóla fyrir börn á yngsta stigi og miðstigi.

Reikna má með að fyrirkomulag tónlistarskóla verði með svipuðum hætti, þ.e. einn tónlistarskóli fyrir sama svæði enda fer tónlistarkennslan fram í tengslum við annað nám í skólunum. Leikskólar sem eru í eðli sínu meiri nærþjónusta þurfa að vera á fleiri stöðum, svipað og nú, til að halda sem stystri vegalengd frá heimilum barnanna.

Sá valkostur sem hér er gerð grein fyrir hefur í för með sér að ráðast þarf í uppbyggingu nýs skólahúsnaðis á Laugum. Enda þótt nóg skólahúsnaði sé til staðar á svæðinu er gert ráð fyrir aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjármögnun nýs skóla. Í tengslum við átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins voru samþykktar reglur nr. 295 frá 9. apríl 2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga¹⁹. Í 3. gr. reglnanna sem fjallar um framlög til endurskipulagningar kemur fram að aðstoð megi veita til þátttöku í stofnkostnaði grunnskóla- og leikskólmannvirkja. Hún megi nema allt að 50% af stofnkostnaði en við útreikning skuli hafa hliðsjón af áætluðu söluverði eldri mannvirkja.

Helstu kostir:

- Fjárhagslegt hagræði næst með fækkun deilda um 3 og betri nýtingu mannafla. Húsnaði tveggja skóla færi út úr rekstri fræðslumála sveitarfélagsins.
- Sameinaði skólinn býður upp á aukinn fjölbreytileika s.s. í félagslegum samskiptum nemenda og námsvali þeirra.
- Nýting mannafla verður betri og aukinn sveigjanleiki næst í mannahaldi s.s. vegna forfalla.
- Fjölbreytileiki eykst í námsvali fyrir nemendur, s.s. hvað varðar valgreinar á unglingsstigi.
- Laugar styrkjast í sessi sem skólasetur innan sveitarfélagsins.
- Aðgengi nemenda að íþróttamannvirkjum á Laugum verður gott og betri nýting þessara fjárfestinga.

¹⁹ Sjá reglurnar í á vef stjórnarráðsins: <http://brunnur.stjr.is/servlet/stjrtid/B/2003/295.pdf> og síðari breytingar:

http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/greinasafn/reglur_um_breytingu_a_295_3003.PDF

- Skólastarf í Mývatnssveit verður hluti af skólastarfi allstórs skóla sem eykur sveigjanleika í starfsemi og fjölgar valkostum í námi.
- Eini valkosturinn sem getur komið til móts við náms- og félagslegar þarfir elstu nemenda í Skútustaðahreppi í ljósi nemendafækkunar.

Helstu gallar:

- Skólaakstur verður mikill og kostnaður við hann eykst.
- Leggja þarf í mikinn stofnkostnað vegna nýs skólahúss á Laugum.
- Órói skapast í samfélaginu.
- Störfum fækkar og þau flytjast til milli svæða.

Tafla 10. Framreiknaður nemendafjöldi allra skólanna saman

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	Samtals
2006-07	15	17	18	23	23	29	26	21	31	31	234
2007-08	13	15	17	18	23	23	29	30	24	32	224
2008-09	14	13	15	17	18	23	23	36	30	24	213
2009-10	13	14	13	15	17	18	23	27	36	30	206
2010-11	10	13	14	13	15	17	18	27	27	36	190
2011-12	16	10	13	14	13	15	17	22	27	27	174
2012-13	9	16	10	13	14	13	15	21	22	27	160

Reikna má með að nemendur Reykjahverfis eigi skólasókn til Húsavíkur í framtíðinni og því má reikna með enn meiri fækkun nemenda en fram kemur í töflunni að ofan.

HEIMILDIR

- Aðaldælahreppur (2007). *Ýmis óbirt gögn um rekstur skólamála*.
- Alþingi: *Lög um grunnskóla nr. 49/1991*.
- Alþingi: *Lög um grunnskóla nr. 66/1995 með síðari breytingum*.
- Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003). *Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni*. Akureyri og Reykjavík: Byggðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun.
- Fanney Ásgeirsdóttir (2007). „Í þennan skóla er hægt að koma frá vögggu til grafar“ *Samfélagslegt hlutverk fámenna skólans*. Óbirt M.Ed. ritgerð, Háskólinn á Akureyri.
- Grétar Þór Eyþórsson og Hjalti Jóhannesson (2002). *Sameining sveitarfélaga. Áhrif og afleiðingar. Rannsókn á sjö sveitarfélögum*. Akureyri, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Hagstofa Íslands (2007) *Sjá heimasíðuna www.hagstofa.is*
- Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson (2004). *Samgöngubætur og félags- og efnahagsleg áhrif þeirra, þróun matsaðferða*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Hjálmar Bogi Hafliðason (2005). *Hafralækjar- og Stórutjarnaskóli í Suður Þingeyjarsýslu, um upphaf og sögu skólanna og mörk skólasvæða þeirra*. Óbirt B.Ed. ritgerð, Háskólinn á Akureyri.
- Landmælingar Íslands (2002). *Íslandskort Landmælinga Íslands. Kortadiskur 1, útgáfa 1.0*. Akranes: Landmælingar Íslands.
- Námsmatsstofnun (2006). *Meðaltal samræmdra grunnskólaeinkunna þriggja ára í samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í 10. bekk 2004-2006*. Sótt 18.06.2007 frá http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/medaltal/2006/10bekk/sta_isl_3ar_06.pdf
- Ólafur Arngrímsson (án ártals). „Það vantaði þessa hugsun... að sameina fólkið“ - *um sameiningu sveitarfélaga, fyrirbærafræðileg tilfellarannsókn*. Óbirt námsritgerð, Háskólinn á Akureyri.
- Samband íslenskra sveitarfélaga (2007). Sjá heimasíðuna www.samband.is
- Samband íslenskra sveitarfélaga (2006). *Árbók sveitarfélaga 2006*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga á utanverðu Snæfellsnesi (1993). *Viljayfirlýsing vegna sameiningar sveitarfélaga á utanverðu Snæfellsnesi*.
- Skútustaðahreppur (2007). *Ýmis óbirt gögn um rekstur skólamála*.

Vegagerðin (1990). *Vegalengdir í Norðurlandsumdæmi eystra 1990*. Akureyri: Vegagerðin.

Vegagerðin (2007). *Sjá heimasíðuna www.vegagerdin.is*

Vífill Karlsson (2002) *Meðalkostnaður íslenskra grunnskóla: Nokkrir áhrifaþættir á þróun meðalkostnaðar. Rannsóknaskýrsla nr. 1 2003*. Bifröst, Viðskiptaháskólinn á Bifröst.

Þingeyjarsveit (2007). *Ýmis óbirt gögn um rekstur skólamála*.

Viðmælendaskrá:

Ásvaldur Þormóðsson, oddviti Þingeyjarsveitar, 14. maí 2007.

Baldur Daníelsson, skólastjóri Litlulaugaskóla, 14. maí 2007.

Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, 5. júní 2007.

Guðrún Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, 15. maí 2007.

Halldór Valdimarsson, skólastjóri Borgarhólsskóla, 5. júní 2007.

Harpa Hólmgrímsdóttir, skólastjóri Hafralækjarskóla, 15. maí 2007.

Ingunn Guðbjörnsdóttir, sveitarstjórnarmaður Skútustaðahrepps, 15. maí 2007.

Ólafur Arngrímsson, skólastjóri Stórutjarnaskóla, 14. maí 2007.

Ólína Arnkelsdóttir, oddviti Aðaldælahrepps og formaður rekstrarnefndar Hafralækjarskóla, 15. maí 2007.

Sólveig Jónsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Skútustaðahrepps, 15. maí 2007.

Hópvíðtöl:

Rýnihópur foreldra við Hafralækjarskóla, 7. júní 2007.

Rýnihópur foreldra við Litlulaugaskóla, 6. júní 2007.

Rýnihópur foreldra við Stórutjarnaskóla, 6. júní 2007.

Samstarfsnefnd um sameiningu Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, 14. maí 2007.